

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/175

2020/EES/42/01

frá 25. janúar 2017

um að setja viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB vegna gistiaðstöðu fyrir ferðamenn

(tilkynnt með númeri C(2017) 299) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 frá 25. nóvember 2009 um umhverfismerki ESB ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 8. gr.,

að höfðu samráði við umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 66/2010 má veita þjónustu, sem hefur lítil umhverfisáhrif á öllum vistferli sínum, umhverfismerki ESB.
- 2) Í reglugerð (EB) nr. 66/2010 er kveðið á um að setja skuli sértækar viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB fyrir hvern vöruflokk.
- 3) Með ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar 2009/564/EB ⁽²⁾ og 2009/578/EC ⁽³⁾ var komið á vistfræðilegum viðmiðunum og tilheyrandi kröfum um mat og sannprófun að því er varðar tjaldstæðþjónustu og gistipjónustu fyrir ferðamenn, eftir því sem við á, sem gilda til 31. desember 2016.
- 4) Í því skyni að endurspegla betur sameiginlega þætti tjaldstæða og gistipjónustu fyrir ferðamenn og til að ná fram samlegðaráhrifum af sameiginlegri nálgun fyrir þessa vöruflokka og til að tryggja hámarksskilvirkni stjórnsýslu vegna viðmiðananna telst það rétt að sameina báða vöruflokkana í einn vöruflokk sem nefnist „gistiaðstaða fyrir ferðamenn“.
- 5) Markmiðið með endurskoðunum viðmiðunum er að stuðla að notkun endurnýjanlegra orkugjafa, spara orku og vatn, minnka úrgang og bæta umhverfi staðarins. Endurskoðuðu viðmiðanirnar, ásamt tilheyrandi kröfum um mat og sannprófun, ættu að gilda í 5 ár frá tilkynningardegi þessarar ákvörðunar, með tilliti til nýsköpunarferils þessa vöruflokks.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjóð. ESB L 28, 2.2.2017, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 108/2017 frá 13. Júní 2017 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 37, 7.6.2018, bls. 7.

⁽¹⁾ Stjóð. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 1.

⁽²⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/564/EB frá 9. júlí 2009 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir tjaldstæði (Stjóð. ESB L 196, 28.7.2009, bls. 36).

⁽³⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/578/EB frá 9. júlí 2009 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir gistiaðstöðu í ferðapjónustu (Stjóð. ESB L 198, 30.7.2009, bls. 57).

- 6) Kóði sem samsvarar vöruflokknum er óaðskiljanlegur hluti af skráningarnúmerum umhverfismerkis ESB. Til að þar til bærir aðilar geti úthlutað skráningarnúmeri umhverfismerkis ESB til gistiaðstöðu fyrir ferðamenn sem uppfyllir viðmiðanirnar fyrir umhverfismerki ESB er nauðsynlegt að úthluta viðkomandi vöruflokki kenninúmer.
- 7) Því ætti að fella ákvarðanir 2009/564/EB og 2009/578/EB úr gildi.
- 8) Rétt þykir að heimila umbreytingartímabil fyrir umsækjendur ef gistipjónustu þeirra fyrir ferðamenn eða tjaldstæði hefur verið veitt umhverfismerki ESB fyrir tjaldstæði og gistiaðstöðu í ferðapjónustu á grundvelli viðmiðananna sem settar eru fram í ákvörðunum 2009/564/EB og 2009/578/EB, eftir því sem við á, svo að þeir hafi nægan tíma til að laga vöru sína að endurskoðuðu kröfunum fyrir viðmiðanirnar. Umsækjendum ætti einnig að vera heimilt að leggja fram umsóknir, sem byggjast á vistfræðilegu viðmiðunum sem settar eru fram í 2009/564/EB og 2009/578/EB, í nægilega langan tíma.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

1. Vöruflokkurinn „gistiaðstaða fyrir ferðamenn“ skal fela í sér veitingu gistipjónustu og tjaldsvæða fyrir ferðamenn ásamt einhverri af eftirfarandi viðbótarþjónustu sem er undir stjórn veitanda gistiaðstöðunnar fyrir ferðamenn:

- 1) matsölu,
 - 2) frístunda- eða heilsu- og líkamsræktarstöðvum,
 - 3) grænum svæðum,
 - 4) aðstöðu fyrir staka viðburði, t.d. viðskiptaráðstefnur, fundi eða námskeið,
 - 5) hreinlætisaðstöðu, þvotta- og eldunaraðstöðu eða upplýsingaaðstöðu fyrir ferðamenn á tjaldstæðum, ferðalanga og leigjendur til sameiginlegra nota.
2. Flutningsþjónusta og skemmtiferðir eru undanskildar vöruflokknum „gistiaðstaða fyrir ferðamenn“.

2. gr.

Í þessari ákvörðun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „gistipjónusta fyrir ferðamenn“: næturgisting í herbergjum, a.m.k. með rúmi, er veitt ferðamönnum, ferðalöngum og leigjendum gegn gjaldi, ásamt einka- eða sameiginlegri hreinlætisaðstöðu,
- 2) „tjaldstæði“: stæði með útbúnaði fyrir eitthvað af eftirfarandi: tjöld, hjólhýsi, húsvagna, húsbíla, smáhýsi og íbúðir, ásamt einka- eða sameiginlegri hreinlætisaðstöðu, eru veitt ferðamönnum, ferðalöngum og leigjendum,
- 3) „matsala“: morgunmatur eða aðrar máltíðir,
- 4) „frístunda- eða heilsu- og líkamsræktarstöðvar“: sánaböð, sundlaugar, íþróttastaða og heilsumiðstöðvar sem eru aðgengileg gestum eða utanaðkomandi eða báðum,
- 5) „græn svæði“: almenningargarðar, garðar eða önnur útisvæði sem eru opin ferðamönnum, ferðalöngum og leigjendum.

3. gr.

Gistiaðstaða fyrir ferðamenn skal falla undir vöruflokkinn „gistiaðstaða fyrir ferðamenn“, eins og hann er skilgreindur í 1. gr. þessarar ákvörðunar, til þess að henni sé veitt umhverfismerki ESB samkvæmt reglugerð (EB) nr. 66/2010 og skal uppfylla allar eftirfarandi kröfur sem og tilheyrandi kröfur vegna mats og sannprófunar sem eru settar fram í viðaukanum við þessa ákvörðun:

- a) hún skal uppfylla allar þær viðmiðanir sem settar eru fram í A-þætti viðaukans við þessa ákvörðun,
- b) hún skal uppfylla nægilega margar þeirra viðmiðana sem settar eru fram í B-þætti viðaukans við þessa ákvörðun til að fá tilskilinn fjölda stiga skv. 4. og 5. mgr.

4. gr.

- 1. Að því er varðar b-lið 3. gr. skal gistiþjónustan fyrir ferðamenn ná a.m.k. 20 stigum.
- 2. Nauðsynlegur lágmarksfjöldi stiga í samræmi við 1. mgr. skal aukinn um:
 - a) 3 stig ef stjórnandi eða eigandi gistiþjónustunnar fyrir ferðamenn er með matsölu,
 - b) 3 stig ef stjórnandi eða eigandi gistiþjónustunnar fyrir ferðamenn gerir græn svæði aðgengileg gestum,
 - c) 3 stig ef stjórnandi eða eigandi gistiþjónustunnar fyrir ferðamenn býður upp á frístunda- eða heilsu- og líkamsræktarstöð eða 5 stig ef viðkomandi frístunda- eða heilsu- og líkamsræktarstöð er í heilsumiðstöð sem er opin fyrir utanaðkomandi.

5. gr.

- 1. Að því er varðar b-lið 3. mgr. skal tjaldstæðið ná minnst 20 stigum eða, ef um sameiginlega þjónustu er að ræða, 24 stigum.
- 2. Lágmarkskrafan, sem mælt er fyrir um í 1. mgr., skal aukin um eftirfarandi:
 - a) 3 stig ef stjórnandi eða eigandi tjaldstæðisins er með matsölu,
 - b) 3 stig ef stjórnandi eða eigandi tjaldstæðisins gerir græn svæði aðgengileg gestum,
 - c) 3 stig ef stjórnandi eða eigandi tjaldstæðisins býður upp á frístunda- eða heilsu- og líkamsræktarstöð eða 5 stig ef viðkomandi frísunda- eða heilsu- og líkamsræktarstöð er í heilsumiðstöð sem er opin fyrir utanaðkomandi.

6. gr.

Viðmiðanirnar fyrir umhverfismerki ESB fyrir vöruflokkinn „gistiaðstaða fyrir ferðamenn“ og tilheyrandi kröfur vegna mats og sannprófunar skulu gilda í fimm ár frá samþykktardegi þessarar ákvörðunar.

7. gr.

Í stjórnsýslunni er kenninúmerið „051“ notað fyrir vöruflokkinn „gistiaðstaða fyrir ferðamenn“.

8. gr.

Ákvarðanir 2009/564/EB og 2009/578/EB falla úr gildi.

9. gr.

Umsóknir um umhverfismerki ESB fyrir vörur í vöruflokkunum „gistiþjónusta fyrir ferðamenn“ eða „tjaldstæði“ sem lagðar eru fram innan tveggja mánaða frá samþykktardegi þessarar ákvörðunar má leggja fram annaðhvort í samræmi við viðmiðanirnar sem kveðið er á um í ákvörðun 2009/578/EB eða ákvörðun 2009/564/EB eða viðmiðanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, þrátt fyrir ákvæði 8. gr.

Leyfi fyrir umhverfismerki ESB sem er veitt á grundvelli viðmiðananna sem settar eru fram í ákvörðun 2009/564/EB eða ákvörðun 2009/578/EB má nota í 20 mánuði frá tilkynningardegi þessarar ákvörðunar.

10. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 25. janúar 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Karmenu VELLA

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

RAMMI

VIÐMIÐANIR VEGNA UMhverfismarkis ESB

Viðmiðanir við veitingu umhverfismarkis ESB fyrir gístaðstöðu fyrir ferðamenn:

Lögboðnar viðmiðanir*Almennar Stjórnunarviðmiðanir*

Viðmiðun 1. Grundvöllur umhverfisstjórnunarkerfis

Viðmiðun 2. Þjálfun starfsfólks

Viðmiðun 3. Upplýsingar til gesta

Viðmiðun 4. Almennt viðhald

Viðmiðun 5. Vöktun notkunar

Orkuviðmiðanir

Viðmiðun 6. Orkunýtin rýmis- og vatnshitunartæki

Viðmiðun 7. Orkunýtin loftræsting og loftvarmadælur

Viðmiðun 8. Orkunýtin lýsing

Viðmiðun 9. Hitastýring

Viðmiðun 10. Slökkt sjálfvirk á hitun, loftræstingu og loftjöfnun og lýsingu

Viðmiðun 11. Tæki til hitunar og loftræstingar utandyra

Viðmiðun 12. Innkaup á raforku hjá endurnýjanlegri rafveitu

Viðmiðun 13. Kol og olía til upphitunar

Viðmiðanir fyrir vatn

Viðmiðun 14. Skilvirkur vatnsbúnaður: Baðherbergiskranar og sturtur

Viðmiðun 15. Skilvirkur vatnsbúnaður: Salerni og þvagskálar

Viðmiðun 16. Minnkun á þvotti sem næst með endurnotkun handklæða og rúmfatnaðar

Viðmiðanir fyrir úrgang og skólp

Viðmiðun 17. Forvarnir gegn myndun úrgangs: Áætlun um minnkun úrgangs frá matsölu

Viðmiðun 18. Forvarnir gegn myndun úrgangs: Einnota hlutir

Viðmiðun 19. Úrgangur flokkaður og sendur í endurvinnslu

Aðrar viðmiðanir

Viðmiðun 20. Reykingabann í sameiginlegu rými

Viðmiðun 21. Stuðlað að notkun flutningatækja sem eru ákjósanleg með tilliti til umhverfisins

Viðmiðun 22. Upplýsingar sem fram koma á umhverfismerki ESB

Valfrjálsar viðmiðanir*Almennar Stjórnunarviðmiðanir*

Viðmiðun 23. EMAS-skráning, ISO-vottun gístiaðstöðunnar fyrir ferðamenn (allt að 5 stig)

Viðmiðun 24. EMAS-skráning eða ISO-vottun birgja (allt að 5 stig)

Viðmiðun 25. Þjónusta með umhverfismerki (allt að 4 stig)

Viðmiðun 26. Kynning og fræðsla um umhverfis- og félagsmál (allt að 2 stig)

Viðmiðun 27. Vöktun notkunar: Orku- og vatnsnotkunarmælingar (allt að 2 stig)

Orkuviðmiðanir

Viðmiðun 28. Orkunýtin rýmis- og vatnshitunartæki (allt að 3 stig)

Viðmiðun 29. Orkunýtin loftræsting og loftvarmadælur (allt að 3,5 stig)

Viðmiðun 30. Loftvarmadælur með allt að 100 kW varmaafköst (3 stig)

Viðmiðun 31. Orkunýtin heimilistæki og lýsing (allt að 4 stig)

Viðmiðun 32. Varmaendurvinnsla (allt að 3 stig)

Viðmiðun 33. Hitastýring og einangrun í gluggum (allt að 4 stig)

Viðmiðun 34. Búnaður/tæki slökkva sjálfvirk á sér (allt að 4,5 stig)

Viðmiðun 35. Fjarhitun/-kæling og kæling frá samvinnslu raf- og varmaorku (allt að 4 stig)

Viðmiðun 36. Rafknúnar handþurrkur með náðarnema (1 stig)

Viðmiðun 37. Losun frá rýmishitara (1,5 stig)

Viðmiðun 38. Innkaup á raforku hjá endurnýjanlegri rafveitu (allt að 4 stig)

Viðmiðun 39. Eigin framleiðsla rafmagns á staðnum með endurnýjanlegum orkugjöfum (allt að 5 stig)

Viðmiðun 40. Hitunarorka frá endurnýjanlegum orkugjöfum (allt að 3,5 stig)

Viðmiðun 41. Hitun sundlauga (allt að 1,5 stig)

Viðmiðanir fyrir vatn

Viðmiðun 42. Skilvirkur vatnsbúnaður: Baðherbergiskranar og sturtur (allt að 4 stig)

Viðmiðun 43. Skilvirkur vatnsbúnaður: Salerni og þvagskálar (allt að 4,5 stig)

Viðmiðun 44. Vatnsnotkun uppþvottavélar (2,5 stig)

Viðmiðun 45. Vatnsnotkun þvottavélar (3 stig)

Viðmiðun 46. Upplýsingar um vatnshörku (allt að 1,5 stig)

Viðmiðun 47. Bestun í stjórnun sundlauga (allt að 2,5 stig)

Viðmiðun 48. Endurvinnsla regnvatns og endurvinnsla á grávatni (allt að 3 stig)

Viðmiðun 49. Skilvirk áveita (1,5 stig)

Viðmiðun 50. Innlendar tegundir eða framandi tegundir sem eru ekki ágengar til plöntunar utandyra (allt að 2 stig)

Viðmiðanir fyrir úrgang og skólp

Viðmiðun 51. Pappírsvörur (allt að 2 stig)

Viðmiðun 52. Varanlegar neysluvörur (allt að 4 stig)

Viðmiðun 53. Framboð drykkjarvara (2 stig)

Viðmiðun 54. Innkaup á þvotta- og hreinsiefnum og snyrtivörum (allt að 2 stig)

Viðmiðun 55. Notkun hreingerningavara haldið í lágmarki (1,5 stig)

Viðmiðun 56. Hálkueyðing (1 stig)

Viðmiðun 57. Notaðar textílvörur og húsgögn (allt að 2 stig)

Viðmiðun 58. Moltugerð (allt að 2 stig)

Viðmiðun 59. Hreinsun skólps (allt að 3 stig)

Aðrar viðmiðanir

Viðmiðun 60. Reykingar bannaðar í herbergjum (1 stig)

Viðmiðun 61. Félagsmálastefna (allt að 2 stig)

Viðmiðun 62. Ökutæki til viðhalds (1 stig)

Viðmiðun 63. Boðið upp á flutningatæki sem eru ákjósanleg með tilliti til umhverfisins (allt að 2,5 stig)

Viðmiðun 64. Yfirborð án bundins slitlags (1 stig)

Viðmiðun 65. Vörur úr heimahéraði og lífrænar vörur (allt að 4 stig)

Viðmiðun 66. Sneitt hjá plágueyðum (2 stig)

Viðmiðun 67. Frekari umhverfis- eða félagslegar aðgerðir (allt að 3 stig)

MAT OG SANNPRÓFUN

Sértækar kröfur vegna mats og sannprófunar eru tilgreindar í hverri viðmiðun sem sett er fram í A- og B-þætti.

Ef þess er krafist að umsækjandi leggi fram yfirlýsingar, skjöl, greiningar, prófunarskýrslur eða annað til staðfestingar á samræmi við viðmiðanirnar mega þessi gögn vera frá umsækjanda sjálfum eða birgi/birgjum hans, o.s.frv., eins og við á.

Þar til bærir aðilar skulu helst viðurkenna vottorð sem eru gefin út af aðilum sem eru faggiltir samkvæmt viðkomandi samhæfðum staðli fyrir prófunar- og kvörðunarstofur og sannprófanir aðila sem eru faggiltir samkvæmt viðkomandi samhæfðum staðli fyrir aðila sem votta vörur, ferli og þjónustu. Faggilding skal fara fram í samræmi við ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 ⁽¹⁾.

Upplýsingar úr umhverfisyfirlýsingum sem lagðar eru fram samkvæmt umhverfisstjórnunarkerfi Sambandsins ⁽²⁾ (EMAS) teljast sannanir jafngildar vottorðunum sem um getur í fyrri málsgrein.

Heimilt er að nota, þar sem við á, aðrar prófunaraðferðir en þær sem tilgreindar eru í hverri viðmiðun ef þar til bærir aðilinn sem metur umsóknina fellst á að aðferðirnar séu jafngildar.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 frá 9. júlí 2008 um kröfur varðandi faggildingu og markaðseftirlit í tengslum við markaðssetningu á vörum og um niðurfellingu reglugerðar (EBE) nr. 339/93 (Stjtið. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 30).

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 frá 25. nóvember 2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 761/2001 og ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar 2001/681/EB og 2006/193/EB (Stjtið. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 1).

Ef við á geta þar til bærir aðilar krafist fylgiskjala og framkvæmt óháðar sannprófanir.

Þar til bærir aðilar skulu fara í upphafsheimsókn á vettvang áður en þeir veita leyfi fyrir umhverfismerki ESB og geta fylgt þeim eftir með reglulegum vettvangsheimsóknum meðan á gildistíma leyfisins stendur.

Forsendan er sú að þjónustan uppfylli öll viðkomandi lagaskilyrði landsins (landanna) þar sem „gistiaðstaðan fyrir ferðamenn“ er staðsett. Einkum og sér í lagi skal ábyrgjast eftirfarandi:

1. Efnisleg gerð byggingarinnar sé í samræmi við lög og reglur Sambandsins og hvers aðildarríkis fyrir sig og staðbundin lög og reglugerðir varðandi orkusparnað og varmaeinangrun, vatnslindir, hreinsun og frárennsli vatns (þ.m.t. ferðasalerni), söfnun og förgun úrgangs, viðhald og eftirlit tækja og öryggis- og heilbrigðisráðstafanir og í samræmi við öll viðeigandi lög eða reglugerðir á svæðinu í tengslum við landmótun og verndun líffræðilegrar fjölbreytni.
2. Fyrirtækið sé í rekstri og skráð, samkvæmt landslögum eða staðbundnum lögum, og starfsfólk þess sé löglega ráðið og tryggt. Í þessu skyni skal starfsfólk vera með skriflegan samning í samræmi við landslög, fá a.m.k. landsbundin eða svæðisbundin lágmarkslaun samkvæmt kjarasamningum (ef kjarasamningar eru ekki fyrir hendi skal starfsfólk a.m.k. fá lögleg landsbundin eða svæðisbundin lágmarkslaun) og vinnustundir þess skulu vera í samræmi við landslög.

Umsækjandinn skal lýsa því yfir og sýna fram á að þjónustan uppfylli þessar kröfur með því að nota óháða sannprófun eða skjalfesta sönnun, með fyrirvara um landslög um gagnavernd (t.d. byggingarleyfi/-heimild, yfirlýsingar faglærðra tæknimanna þar sem skýrt er hvernig landslög og staðbundnar reglur sem varða fyrrgreinda þætti byggingarinnar eru uppfyllt, afrit af skriflegri félagsmálastefnu, afrit af samningum, yfirlýsingar um skráningu starfsmanns í landsbundnu tryggingakerfi, opinber skjöl/skrá með nöfnum og fjölda starfsmanna frá vinnueftirliti viðkomandi sveitarfélags eða fulltrúa þess) og í vettvangsheimsóknum gætu þar að auki farið fram bein viðtöl við starfsfólk valið af handahófi.

A-ÞÁTTUR

VIÐMIÐANIR SEM UM GETUR Í a-LIÐ 3. MGR.

ALMENN STJÓRNUN

Viðmiðun 1. Grundvöllur umhverfisstjórnunarkerfis

Gistiaðstaðan fyrir ferðamenn skal leggja grundvöllinn að umhverfisstjórnunarkerfi með því að innleiða eftirfarandi ferli:

- **Umhverfisstefnu** með tilgreiningu á mikilvægustu umhverfisþáttunum að því er varðar orku, vatn og úrgang fyrir gistiaðstöðuna.
- Ítarlega **aðgerðaáætlun** með fastsettum markmiðum í umhverfisárangri í tengslum við tilgreinda umhverfisþætti, sem skulu sett a.m.k. á tveggja ára fresti, með hliðsjón af þeim kröfum sem settar eru í þessari ákvörðun um umhverfismerki ESB.

Ef tilgreindir umhverfisþættir falla ekki undir þetta umhverfismerki ESB ættu markmið helst að byggjast á umhverfisárangursvísum og árangursviðmiðunum sem sett eru fram í tilvísunarskjalinu um bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun fyrir ferðaþjónustugeirann ⁽¹⁾ (EMAS).

- **Innra matsferli** sem gerir kleift að sannprófa a.m.k. árlega árangur fyrirtækis að því er varðar markmiðin sem eru skilgreind í aðgerðaáætluninni og fastsetja aðgerðir til úrbóta ef þörf er á.

⁽¹⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/611 frá 15. apríl 2016 um tilvísunarskjal um bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun, vísbenda um árangur í umhverfismálum fyrir geira og árangursviðmiðanir fyrir ferðaþjónustugeirann samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1221/2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) (Stjtið. ESB L 104, 20.4.2016, bls. 27).

Upplýsingar um ferlin sem um getur í fyrri málsgrein skulu vera aðgengilegar gestum og starfsfólki til skoðunar.

Leggja skal mat á athugasemdir og endurgjöf frá gestum, sem safnað er með spurningalistanum sem um getur í viðmiðun 3, í innra matsferlinu og í aðgerðaáætluninni, ef nauðsyn krefur.

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt:

- afriti af umhverfisstefnunni,
- aðgerðaáætluninni og
- matsskýrslunni, sem skal gerð aðgengileg þar til bæra aðilanum innan tveggja ára eftir umsóknina auk uppfærðu útgáfunnar á tveggja ára fresti.

Umsækjendur, sem skráðir eru samkvæmt umhverfisstjórnunarkerfi ESB (EMAS) eða eru vottaðir samkvæmt ISO 14001, skulu teljast uppfylla kröfur. Ef svo er skal leggja fram ISO 14001-vottorð eða EMAS-skráningu sem sönnun. Ef um er að ræða vottun samkvæmt ISO 14001 skal skýrsla með samantekt um árangur í tengslum við markmiðin sem eru skilgreind í aðgerðaáætluninni fylgja umsókninni.

Viðmiðun 2. Þjálfun starfsfólks

- a) Af hálfu gístiaðstöðunnar fyrir ferðamenn skal upplýsa og þjálfa starfsfólkið (þ.m.t. utanaðkomandi starfsfólk í verktöku), m.a. með skriflegum verklagsreglum eða handbókum, til að tryggja að ráðstöfunum á sviði umhverfismála verði hrundið í framkvæmd og í því skyni að auka vitund um vistvæna hegðun í samræmi við skyldubundnar og viðeigandi valkvæðar viðmiðanir í þessu umhverfismerki ESB. Þjálfun starfsfólks skal einkum fela í sér eftirfarandi atriði:
- i. umhverfisstefnu og aðgerðaáætlun gístiaðstöðunnar fyrir ferðamenn og vitund um umhverfismerki ESB fyrir gístiaðstöðu fyrir ferðamenn,
 - ii. aðgerðir til orkusparnaðar í tengslum við ljós, loftræstingu og hitunarkerfi þegar starfsfólk yfirgefur herbergi eða gluggar eru opnaðir,
 - iii. aðgerðir til vatnssparnaðar í tengslum við lekaeftirlit, vökvun, tíðni þess að skipt er um rúmföt og handklæði og aðferðir við bakskolun sundlauga,
 - iv. aðgerðir til að draga úr notkun íðefna í tengslum við efnavörur fyrir þrif, upphvott, hreinsun og þvotta ásamt öðrum sérhæfðum hreinsivörum (t.d. fyrir bakskolun sundlauga) sem skulu eingöngu notaðar ef nauðsyn krefur og ef upplýsingar um skammta liggja fyrir skulu notkunarmörk tilgreindra vara vera þau sem gefin eru upp á umbúðunum eða sem framleiðandinn mælir með,
 - v. aðgerðir til að minnka og flokka úrgang í tengslum við einnota hluti og förgunarflokka,
 - vi. flutningatæki sem eru ákjósanleg með tilliti til umhverfisins og aðgengileg starfsfólki,
 - vii. þær upplýsingar sem skipta máli samkvæmt viðmiðun 3 og starfsfólkinu er skylt að veita gestum.
- b) Allir nýir starfsmenn skulu hljóta nægilega þjálfun innan fjögurra vikna frá ráðningu og allir aðrir starfsmenn skulu fá endurmenntun að því er varðar fyrrgreind atriði a.m.k. einu sinni á ári.

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt upplýsingum um þjálfunaráætlunina og inntak hennar og tilgreina skal hvaða starfsmenn hafa fengið þjálfun, hvers eðlis hún er og hvenær hún var veitt. Dagsetningar og gerð þjálfunar starfsfólks skulu skráðar sem sönnun þess að endurmenntunin hafi farið fram.

Viðmiðun 3. Upplýsingar til gesta

- a) Gistiaðstaðan fyrir ferðamenn skal einnig veita gestunum upplýsingar til að tryggja að ráðstöfunum á sviði umhverfismála verði hrundið í framkvæmd og í því skyni að auka vitund um vistvæna hegðun í samræmi við skyldubundnar og viðkomandi valkvæðar viðmiðanir í þessu umhverfismerki ESB. Þessum upplýsingum skal komið til gestanna á virkan hátt, munnlega eða skriflega, í móttökunni eða á herberginu og þær skulu einkum innihalda eftirfarandi atriði:
- umhverfisstefnu gistiaðstöðunnar fyrir ferðamenn og vitund um umhverfismerki ESB fyrir gistiaðstöðu fyrir ferðamenn,
 - aðgerðir til orkusparnaðar í tengslum við ljós, loftræstingu og hitunarkerfi þegar gestir yfirgefa herbergi eða gluggar eru opnaðir,
 - aðgerðir til vatnssparnaðar í tengslum við lekaeftirlit og tíðni þess að skipt er um rúmföt og handklæði,
 - minnkun og flokkun úrgangs í tengslum við einnota hluti, förgunarflokka og hluti sem skal ekki farga með skólpi. Að auki skal veggspjald eða annað upplýsingaefni með ráðleggingum til að draga úr matarúrgangi vera sýnilegt í morgunverðar- og borðsölum,
 - flutningatæki sem eru ákjósanleg með tilliti til umhverfisins og aðgengileg gestum,
 - gistiaðstaðan fyrir ferðamenn skal upplýsa gestina um áhugaverða ferðamannastaði, leiðsögumenn á staðnum og veitingahús, markaði og handverkshús á staðnum.
- b) Gestir skulu fá spurningalista, um Netið eða á staðnum, þar sem þeir eru spurðir um skoðanir þeirra á almennum umhverfisþáttum gistiaðstöðunnar fyrir ferðamenn sem tilgreindir eru í a-lið og almenna ánægju þeirra með aðbúnað og þjónustu hjá gistiaðstöðunni fyrir ferðamenn. Skýrt ferli skal vera fyrir hendi til að skrá athugasemdir og kvartanir viðskiptavina ásamt þeim svörum sem gefin eru og aðgerðum til úrbóta.

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt afritum af upplýsingunum sem gestirnir fá. Umsækjandinn skal tilgreina hvaða ferli eru fyrir hendi til að miðla og safna upplýsingunum og spurningalistunum og til að taka tillit til endurgjafarinnar.

Viðmiðun 4. Almennt viðhald

Fyrirbyggjandi viðhald á tækjum/búnaði skal fara fram a.m.k. árlega eða oftar ef þess er krafist samkvæmt lögum eða viðkomandi leiðbeiningum frá framleiðanda. Viðhaldið skal fela í sér athugun á hugsanlegum leka og fullvissu fyrir því að a.m.k. orkubúnaður virki sem skyldi (t.d. tæki til hitunar, loftræstingar og loftjöfnunar, kælikerfi o.s.frv.) sem og vatnsbúnaður (t.d. pípulagnir, áveitukerfi o.s.frv.) í gistiaðstöðunni.

Tæki sem nota kælimiðla sem falla undir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 517/2014 ⁽¹⁾ skulu skoðuð og þeim viðhaldið eins og hér segir:

- með minnst 12 mánaða millibili ef innihald búnaðarins af flúoruðum gróðurhúsalofttegundum er 5 tonn koltvísýringsígildis, eða meira, en minna en 50 tonn koltvísýringsígildis eða með minnst 24 mánaða millibili ef lekaþreiningarkerfi er sett upp,
- með minnst 6 mánaða millibili ef innihald búnaðarins af flúoruðum gróðurhúsalofttegundum er 50 tonn koltvísýringsígildis, eða meira, en minna en 500 tonn koltvísýringsígildis eða með minnst 12 mánaða millibili ef lekaþreiningarkerfi er sett upp,
- með minnst þriggja mánaða millibili ef innihald búnaðarins af flúoruðum gróðurhúsalofttegundum er 500 tonn koltvísýringsígildis, eða meira, eða með minnst sex mánaða millibili ef lekaþreiningarkerfi er sett upp.

Skrá þarf allar viðhaldsaðgerðir í sérstaka viðhaldsskrá þar sem tilgreint er áætlað magn vatns sem lekur úr vatnsveitubúnaði.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 517/2014 frá 16. apríl 2014 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 842/2006 (Stjtið. ESB L 150, 20.5.2014, bls. 195).

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram samræmisyfirlýsingu ásamt stuttri lýsingu á viðhaldsáætluninni, upplýsingar um þá einstaklinga eða fyrirtæki sem sjá um viðhaldið og viðhaldsskrána.

Viðmiðun 5. Vöktun notkunar

Gistiaðstaða fyrir ferðamenn skal hafa verkferla til mánaðarlegrar eða, hið minnsta, árlegrar söfnunar gagna og vöktun á þeim varðandi a.m.k. eftirfarandi atriði:

- sértæka orkunotkun (kWh/gistinótt og/eða kWh/m² (innan húsrými) á ári),
- hundraðshluta endanlegrar orkunotkunar sem uppfyllt er með endurnýjanlegri orku sem framleidd er á staðnum (%),
- vatnsnotkun á gistinótt (lítrar/gistinótt), þ.m.t. vatnið sem er notað til áveitu (ef við á) og öll önnur starfsemi sem tengist vatnsnotkun,
- myndun úrgangs á hverja gistinótt (kg/gistinótt). Vakta skal matarúrgang aðskilið ⁽¹⁾,
- notkun efnavara fyrir þrif, uppþvott, þvotta og hreinsun ásamt öðrum sérhæfðum hreinsivörum (t.d. fyrir bakskolon sundlauga) (kg eða lítrar/gistinótt) og tekið skal fram hvort þær séu tilbúnar til notkunar eða óþynntar,
- hlutfall af vörum með merki af gerð I samkvæmt ISO-staðli (%) sem eru notaðar samkvæmt viðkomandi valkvæðu viðmiðunum í þessari ákvörðun um umhverfismerki ESB.

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt lýsingu á aðferðunum sem notaðar eru við söfnun og vöktun. Gistiaðstaðan fyrir ferðamenn skal leggja fram stutta samantekt yfir gögnin sem safnað er vegna fyrrgreindra notkunarmælipáttanna ásamt skýrslunni um innra matsferlið, sem um getur í viðmiðun 1, sem skulu gerðar aðgengilegar þar til bæra aðilanum innan tveggja ára eftir umsóknina og síðan á tveggja ára fresti.

ORKA

Viðmiðun 6. Orkunýtin rýmis- og vatnshitunartæki

- tæki til rýmishitunar fyrir vatnshitakerfi sem eru sett upp innan gildistíma leyfisins fyrir umhverfismerki ESB skulu:
 - vera samvinnslueining með góða orkunýtni, eins og hún er skilgreind í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/27/ESB ⁽²⁾, eða
 - hafa árstíðabundna orkunýtni rýmishitunar og/eða losunarmörk fyrir gróðurhúsalofttegundir í samræmi við gildin í eftirfarandi töflum, reiknuð út eins og tilgreint er í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/314/ESB ⁽³⁾:

Gerð rýmishitara fyrir vatnshitakerfi	Nýtnivísir
Öll rýmishitunartæki að undanskildum hitakötlum fyrir fastan lífmassa og hiturum með varmadælu	Árstíðabundin lágmarksorkunýtni rýmishitunar (η_s) $\geq 98\%$
Hitakatlar fyrir fastan lífmassa	Árstíðabundin lágmarksorkunýtni rýmishitunar (η_s) $\geq 79\%$

⁽¹⁾ Á við ef matsala fer fram og úrgangsmeðhöndlunarstöðvarnar á staðnum gefa færi á aðskildri söfnun á lífrænum úrgangi.

⁽²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/27/ESB frá 25. október 2012 um orkunýtni, breytingu á tilskipunum 2009/125/EB og 2010/30/ESB og um niðurfellingu á tilskipunum 2004/8/EB og 2006/32/EB (Stjtið. ESB L 315, 14.11.2012, bls. 1).

⁽³⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/314/ESB frá 28. maí 2014 um viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir hitara fyrir vatnshitakerfi (Stjtið. ESB L 164, 3.6.2014, bls. 83).

Gerð rýmishitara fyrir vatnshitakerfi	Nýtnivísir
Hitarar með varmadælu (tveir valkostir eru fyrir varmadælur sem nota kælimiðla með hnatthlýnunarmátt $\leq 2\,000$, valkostur 2 er skyldubundinn fyrir varmadælur sem nota kælimiðla með hnatthlýnunarmátt $\leq 2\,000$)	Valkostur 1 — Árstíðabundin lágmarksorkunýtni rýmishitunar/gildi hnatthlýnunarmáttar kælimiðils $\eta_s \geq 107\%/[0-500]$ $\eta_s \geq 110\%/(500-1\,000)$ $\eta_s \geq 120\%/(1\,000-2\,000)$ $\eta_s \geq 130\%/> 2\,000$
	Valkostur 2 — losunarmörk fyrir gróðurhúsalofttegundir
	150 g CO ₂ -ígildi/kWh varmaafkasta

- b) Staðbundin rýmishitunartæki sem eru sett upp innan gildistíma leyfisins fyrir umhverfismerki ESB skulu uppfylla árstíðabundna lágmarksorkunýtni rýmishitunar sem sett er fram í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1185 ⁽¹⁾ eða í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1188 ⁽²⁾.

- c) Vatnshitunartæki sem eru sett upp innan gildistíma leyfisins fyrir umhverfismerki ESB skulu hafa a.m.k. eftirfarandi viðeigandi orkunýtnivísa:

Gerð vatnshitara	Orkunýtnivísir
Allir vatnshitara með tilgreinda álagslýsingu $\leq S$	Orkuflokkur A ^(b)
Allir vatnshitara, að undanskildum vatnshiturum með varmadælu, með tilgreinda álagslýsingu $> S$ og $\leq XXL$	Orkuflokkur A ^(b)
Vatnshitara með varmadælu með tilgreinda álagslýsingu $> S$ og $\leq XXL$	Orkuflokkur A+ ^(b)
Allir vatnshitara með tilgreinda álagslýsingu $> XXL$ (3XL og 4XL)	Orkunýtni vatnshitunar $\geq 131\%$ ^(c)

^(b) Eins og skilgreint er í II. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 812/2013 ⁽¹⁾.

^(c) Eins og skilgreint er í VI. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 814/2013 ⁽²⁾.

⁽¹⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 812/2013 frá 18. febrúar 2013 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar vatnshitara, geymslutanka fyrir heitt vatn og pakka með vatnshitara og búnaði sem nýtir sólarorku (Stjtið. ESB L 239, 6.9.2013, bls. 83).

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 814/2013 frá 2. ágúst 2013 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi vishönnun vatnshitara og geymslutanka fyrir heitt vatn (Stjtið. ESB L 239, 6.9.2013, bls. 162).

- d) Samvinnslueiningar raf- og varmaorku sem fyrir eru skulu vera í samræmi við skilgreininguna á góðri orkunýtni í III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/8/EB ⁽³⁾ eða II. viðauka við tilskipun 2012/27/ESB ef þær eru settar upp eftir 4. desember 2012.
- e) Heitavatnskatlar, sem fyrir eru og eru hitaðir með fljótandi eldsneyti eða gasi samkvæmt skilgreiningu í tilskipun ráðsins 92/42/EBE ⁽⁴⁾, skulu uppfylla staðla um nýtni, a.m.k. sem svarar þremur stjörnum, eins og tilgreint er í þeirri tilskipun. Nýtni katla sem falla ekki undir tilskipun 92/42/EBE skal vera í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda, landslög og staðbundna löggjöf um nýtni en að því er varðar slíka katla sem fyrir eru (að frátöldum lífmassakötlum) skal nýtni þeirra vera að lágmarki 88%.

⁽¹⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1185 frá 24. apríl 2015 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi vishönnun staðbundinna rýmishitara sem nota eldsneyti í föstu formi (Stjtið. ESB L 193, 21.7.2015, bls. 1).

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1188 frá 28. apríl 2015 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi vishönnun staðbundinna rýmishitara (Stjtið. ESB L 193, 21.7.2015, bls. 76).

⁽³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/8/EB frá 11. febrúar 2004 um að auka samvinnslu raf- og varmaorku sem byggist á eftirspurn eftir notvarma á innri orkumarkaðinum og um breytingu á tilskipun 92/42/EBE (Stjtið. ESB L 52, 21.2.2004, bls. 50).

⁽⁴⁾ Tilskipun ráðsins 92/42/EBE frá 21. maí 1992 um kröfur varðandi orkunýtni nýrra heitavatnskatla sem brenna fljótandi eða loftkenndu eldsneyti (Stjtið. ESB L 167, 22.6.1992, bls. 17).

Mat og sannprófun

Að því er varðar kröfurnar í a-, b- og c-lið skal handhafi leyfisins upplýsa þar til bera aðilann um nýju uppsetninguna á viðkomandi tækjum innan gildistíma leyfisins fyrir umhverfismerki ESB og leggja fram tækniforskriftir frá framleiðandanum eða faglærðu tæknimönnunum sem bera ábyrgð á uppsetningu, sölu eða viðhaldi rýmis- og vatnshitaranna sem gefa til kynna hvernig tilskilinni nýtni er náð. Hitarar fyrir vatnshitakerfi með umhverfismerki ESB skulu teljast uppfylla kröfu ii. liðar í a-lið. Vörur sem bera önnur merki af gerð I samkvæmt ISO-staðli sem uppfylla einhverjar af kröfunum í a- til e-lið skulu teljast uppfylla viðkomandi lið í þessari viðmiðun. Ef hitarar fyrir vatnshitakerfi með umhverfismerki ESB eru notaðir skal umsækjandi leggja fram afrit af vottorði fyrir umhverfismerki ESB eða afrit af merki á umbúðunum sem sýnir að það hafi verið veitt í samræmi við ákvörðun 2014/314/ESB. Ef vörur sem bera önnur merki af gerð I samkvæmt ISO-staðli eru notaðar skal umsækjandinn leggja fram afrit af vottorðinu um merkið af gerð I eða afrit af merkinu á umbúðunum og tilgreina kröfurnar fyrir merkið af gerð I samkvæmt ISO-staðli sem eru tilgreindar í a- til e-lið. Að því er varðar kröfurnar í d- og e-lið skal umsækjandinn leggja fram tækniforskriftir frá framleiðandanum eða faglærðu tæknimönnunum sem bera ábyrgð á uppsetningu, sölu eða viðhaldi rýmis- og vatnshitaranna sem gefa til kynna hvernig tilskilinni nýtni er náð.

Viðmiðun 7. Orkunýtin loftræsting og loftvarmadælur

Loftræsting og loftvarmadælur til heimilisnota sem settar eru upp innan gildistíma leyfisins fyrir umhverfismerki ESB skulu a.m.k. vera í eftirfarandi viðeigandi orkuflokkum eins og skilgreint er í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 626/2011 ⁽¹⁾:

Gerð	Orkunýtniflokkur (kæling/upphitun)
Monosplit < 3kW	A+++ / A+++
Monosplit 3-4 kW	A+++ / A+++
Monosplit 4-5 kW	A+++ / A++
Monosplit 5-6 kW	A+++ / A+++
Monosplit 6-7 kW	A++ / A+
Monosplit 7-8 kW	A++ / A+
Monosplit > 8kW	A++ / A++
Multi-split	A++ / A+

Athugasemd: Þessi viðmiðun á við um loftræstingu sem notar rafmagn og loftvarmadælur sem hafa ≤ 12 kW málafköst til kælingar, eða hitunar, ef varan hefur enga kælivirkni. Þessi viðmiðun á ekki við um tæki sem ekki nota raforkugjafa og tæki sem hafa eimsvala eða eimi, eða hvort tveggja, sem ekki nota loft sem varmabera.

Mat og sannprófun

Handhafi leyfisins skal upplýsa þar til bera aðilann um nýju uppsetninguna á fyrrgreindum tækjum innan gildistíma leyfisins fyrir umhverfismerki ESB og leggja fram tækniforskriftir frá framleiðandanum eða faglærðu tæknimönnunum sem bera ábyrgð á uppsetningu, sölu eða viðhaldi loftræstikerfisins sem gefa til kynna hvernig tilskilinni nýtni er náð.

⁽¹⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 626/2011 frá 4. maí 2011 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar loftræstisamstæðna (Stjtið. ESB L 178, 6.7.2011, bls. 1).

Viðmiðun 8. Orkunýtin lýsing

- a) Á þeim tímapunkti þegar leyfið fyrir umhverfismerki ESB er veitt:
- að minnsta kosti 40% af allri lýsingu í gístiaðstöðunni fyrir ferðamenn skal vera a.m.k. í flokki A eins og ákvarðað er í samræmi við VI. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 874/2012 ⁽¹⁾,
 - að minnsta kosti 50% af lýsingu á stöðum þar sem líklegt er að kveikt sé á ljósum í meira en 5 klukkustundir á dag skal vera a.m.k. í flokki A eins og ákvarðað er í samræmi við VI. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 874/2012.
- b) Að hámarki tveimur árum frá því að leyfið fyrir umhverfismerki ESB er veitt:
- að minnsta kosti 80% af allri lýsingu í gístiaðstöðu fyrir ferðamenn skal vera a.m.k. í flokki A eins og ákvarðað er í samræmi við VI. viðauka við framselda reglugerð (ESB) nr. 874/2012,
 - 100% af lýsingu á stöðum þar sem líklegt er að kveikt sé á ljósum í meira en 5 klukkustundir á dag skal vera a.m.k. í flokki A eins og ákvarðað er í samræmi við VI. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 874/2012.

Athugasemd: Hundraðshlutar eru fastsettir með tilliti til heildarfjölda ljósabúnaðar sem hentar fyrir orkusparandi lýsingu. Fyrirgreind markmið gilda ekki um ljósabúnað sem hefur þann eðliseiginleika að ekki er unnt að nota orkusparandi lýsingu.

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja skriflegar skýrslur fyrir þar til bæra aðilann þar sem fram kemur heildarfjöldi ljósapera og lampa sem henta fyrir orkusparandi lýsingu, notkunarstundir og fjöldi orkusparandi ljósapera og lampa með orkunýtnar ljósaperur og lampa í a.m.k. flokki A eins og ákvarðað er í samræmi við VI. viðauka við framselda reglugerð (ESB) nr. 874/2012. Í skýrslunum skal einnig vera skýring á þeim tilvikum þegar ekki er mögulegt að skipta út ljósaperum og lömpum sem hafa þá eðliseiginleika að ekki er hægt að nota orkusparandi ljósaperur og lampa. Leggja skal fram tvær skýrslur, þá fyrri þegar umsóknin er gerð og þá seinni að hámarki tveimur árum eftir veitingu umhverfismerkisins.

Eðliseiginleikar sem geta komið í veg fyrir notkun á orkusparandi ljósaperum geta t.d. verið: skrautlýsing sem útheimtir sérstakar ljósaperur og lampa, lýsing sem hægt er að deyfa, aðstæður þar sem orkusparandi lýsing er ef til vill ekki tiltæk. Ef svo er skal leggja fram gögn sem sýna hvers vegna ekki er unnt að nota orkusparandi ljósaperur og lampa. Þetta getur m.a. falið í sér gögn í formi ljósmyndar af þeirri tegund lýsingar sem er uppsett.

Viðmiðun 9. Hitastýring

Hitastiginu í öllum almenningssýmum (t.d. veitingastöðum, setustofum og ráðstefnusölum) skal stjórnað sérstaklega innan tiltekens bils:

- stillipunktur hitastigs í almenningssými, í kælingarham, er sett við eða yfir 22 °C (+/- 2 °C eftir óskum viðskiptavinar) að sumarlagi,
- stillipunktur hitastigs í almenningssými, í hitunarham, er sett við eða undir 22 °C (+/- 2 °C eftir óskum viðskiptavinar) að vetrarlagi.

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt gögnum um hitastýrikerfið eða verklagsreglum sem er fylgt til að fastsetja skilgreint hitasvið.

⁽¹⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 874/2012 frá 12. júlí 2012 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar rafmagnsljósapera og lampa (Stjútíð. ESB L 258, 26.9.2012, bls. 1).

Viðmiðun 10. Slökkt sjálfvirk á hitun, loftræstingu og loftjöfnun og lýsingu

- a) Hita-, loftræsti- og loftjöfnunarkerfi/-búnaður sem er settur upp innan gildistíma leyfisins fyrir umhverfismerki ESB skal slökkva sjálfvirk á sér þegar gluggar eru opnaðir og þegar gestir yfirgefa herbergið.
- b) Sjálfvirk kerfi (t.d. skynjarar, miðstýrðir lykjar/kort o.s.frv.) sem slökkva á allri lýsingu þegar gestir yfirgefa herbergið skulu sett upp við byggingu og/eða endurnýjun alls nýs og/eða endurnýjaðs leigðs gistirýmis eða gistiherbergja innan gildistíma leyfisins fyrir umhverfismerki ESB.

Athugasemd: Lítil gistiaðstaða (allt að fimm herbergi) er undanskilin.

Mat og sannprófun

Leyfishafinn verður að upplýsa þar til bera aðilann um hina nýju kerfisuppsetningu til að slökkva sjálfvirk á hita-, loftræsti- og loftjöfnunarkerfum og lýsingarkerfum eða -búnaði innan gildistíma leyfisins fyrir umhverfismerki ESB og leggja fram tækniforskrift frá faglærðum tæknimönnum sem bera ábyrgð á uppsetningu eða viðhaldi þessara kerfa/búnaðar.

Viðmiðun 11. Tæki til hitunar og loftræstingar utandyra

Ekki skal nota nein tæki til hitunar og loftræstingar utandyra í gistiaðstöðunni fyrir ferðamenn.

Mat og sannprófun

Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt. Ganga skal úr skugga um þetta í vettvangsheimsókninni.

Viðmiðun 12. Innkaup á raforku hjá endurnýjanlegri rafveitu

- a) Ef um er að ræða **einn til fjóra birgja sem bjóða sérstaka græna gjaldskrá með 50%** af raforkunni frá endurnýjanlegum orkugjöfum **eða sérstök vottorð um upprunaábyrgð** þar sem gistiaðstaðan er staðsett:

Gistiaðstaðan fyrir ferðamenn skal fá a.m.k. 50% af allri raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum, eins og þeir eru skilgreindir í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB ⁽¹⁾. Í því sambandi:

Gistiaðstaðan fyrir ferðamenn skal helst gera samning um sérstaka raforkugjaldskrá þar sem a.m.k. 50% af raforkunni koma frá endurnýjanlegum orkugjöfum. Þessi krafa er uppfyllt ef annaðhvort heildareldsneytisblandan sem birgirinn setur á markað er gefin upp sem a.m.k. 50% endurnýjanleg eða ef eldsneytisblandan sem felst í völdu gjaldskránni er gefin upp sem a.m.k. 50% endurnýjanleg.

Eða

Að öðrum kosti getur a.m.k. 50% af endurnýjanlegri orku einnig komið frá **sundurgreindum kaupum** (e. *unbundled purchase*) á upprunaábyrgð, eins og skilgreint er í j-lið 2. gr. tilskipunar 2009/28/EB, sem stunduð eru viðskipti með í samræmi við meginreglur og reglur um rekstur evrópska orkuvottunarkerfisins (EECS). Að því er varðar þennan kost skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- i. í landsbundinni löggjöf bæði í útflutnings- og innflutningslandinu er kveðið á um svæðisreglur (e. *domain protocol*) sem Samtök útgáfuaðila (AIB) samþykkja samkvæmt meginreglum og reglum um rekstur evrópska orkuvottunarkerfisins til að koma í veg fyrir tvítalningu ef viðskiptavinur kýs sundurgreind kaup á upprunaábyrgðum,
- ii. fjöldi upprunaábyrgða sem eru fengnar með sundurgreindum kaupum samsvarar raforkunotkun umsækjandans á sama tímabili.

⁽¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB frá 23. apríl 2009 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum og um breytingu og síðar niðurfellingu á tilskipunum 2001/77/EB og 2003/30/EB (Stjtið. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 16).

- b) Ef um er að ræða **a.m.k. fimm birgja sem bjóða sérstaka raforkugjaldskrá með 100%** af raforkunni frá endurnýjanlegum orkugjöfum þar sem gístiaðstaðan er staðsett skal gístiaðstaðan fyrir ferðamenn gera samning um að 100% af raforkunni komi frá endurnýjanlegum orkugjöfum með sérstakri grænni gjaldskrá. Þessi krafa er uppfyllt ef annaðhvort heildareldsneytisblandan sem birgirinn setur á markað er gefin upp sem 100% endurnýjanleg eða ef eldsneytisblandan sem svarar til völdu gjaldskrárinnar er gefin upp sem 100% endurnýjanleg.

Athugasemd: Gístiaðstaða fyrir ferðamenn sem heyrir ekki undir tilvikin í a- og b-lið er undanþegin. Einungis birgjar sem bjóða það afl og þá spennu sem gístiaðstaðan fyrir ferðamenn krefst skulu taldir með að því er varðar lágmarksfjölda birgja sem um getur í tilvikunum í a- og b-lið.

Mat og sannpröfun

Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu frá orkubirginum/veitanda upprunaábyrgðar (eða samning(a) við viðkomandi) þar sem fram kemur eðli endurnýjanlega orkugjafans eða orkugjafanna og hve hár hundradshluti raforkunnar sem veitt er fæst frá endurnýjanlegum orkugjafa og skrána yfir birgja með græna gjaldskrá sem bjóða fram græna raforku þar sem gístiaðstaðan er staðsett. Umsækjendur sem nýta sér sundurgreindu kaupin í a-lið skulu einnig leggja fram yfirlýsingar frá veitanda upprunaábyrgðar sem sýna að farið sé að fyrrgreindum skilyrðum í a-lið.

Umsækjendur sem hafa ekki aðgang að birgjum sem bjóða fram raforkugjaldskrána sem lýst er hér að framan eða upprunaábyrgðir þar sem gístiaðstaðan er staðsett skulu leggja fram skjalfesta sönnun þess að aðgangur að birgjum með græna gjaldskrá og sundurgreindar upprunaábyrgðir skorti.

Samkvæmt a-lið 2. gr. tilskipunar 2009/28/EB er orka frá endurnýjanlegum orkugjöfum orka frá endurnýjanlegum orkugjöfum sem ekki eru jarðefni, þ.e. vindorka, sólarorka, loftvarmaorka, jarðvarmaorka, vatnsvarmaorka og sjávarorka, vatnsorka, orka úr lífmassa, hauggasi, gasi frá skólphreinsunarstöðvum og lífgasi.

Viðmiðun 13. Kol og olía til upphitunar

Ekki skal nota nein kol sem orkugjafa og heldur ekki neina olíu til upphitunar sem inniheldur meira af brennisteini en 0,1%.

Athugasemd: Þessi viðmiðun gildir einungis um gístiaðstöðu fyrir ferðamenn með sjálfstætt hitunarkerfi.

Mat og sannpröfun

Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt og tilgreina eðli þeirra orkugjafa sem eru notaðir. Ganga skal úr skugga um þetta í vettvangsheimsókninni.

VATN

Viðmiðun 14. Skilvirkur vatnsbúnaður: Baðherbergiskranar og sturtur

Með fyrirvara um staðbundna eða landsbundna löggjöf um vatnsflæði úr baðherbergiskrönnum og sturtum skal meðalvatnsflæði úr baðherbergiskrönnum og sturtum ekki fara yfir 8,5 lítra/mínútu.

Athugasemd: baðker, regnsturtur og nuddsturtur eru undanskilin.

Mat og sannpröfun

Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt tilheyrandi gögnum, þ.m.t. skýringar á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt í gístiaðstöðunni fyrir ferðamenn (t.d. með notkun streymismælis eða lítillar fötu og úrs). Kranavörur til hreinlætisnota með umhverfismerki ESB eða vörur sem bera önnur merki af gerð I samkvæmt ISO-staðli sem uppfylla framangreindar kröfur teljast uppfylla viðmiðanir. Ef kranavörur til hreinlætisnota með umhverfismerki ESB eru notaðar skal umsækjandi leggja fram afrit af vottorðinu fyrir umhverfismerki ESB eða afrit af merkinu á umbúðunum sem sýnir að það hafi verið veitt í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/250/ESB ⁽¹⁾. Ef vörur sem bera önnur merki af gerð I eru notaðar skal umsækjandinn leggja fram afrit af vottorðinu um merkið af gerð I samkvæmt ISO-staðli eða afrit af merkinu á umbúðunum og tilgreina kröfurnar fyrir merkið af gerð I samkvæmt ISO-staðli sem eru sambærilegar þeim sem um getur hér að ofan.

⁽¹⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 21. maí 2013 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir kranavörur til hreinlætisnota (Stjtið. ESB L 145, 31.5.2013, bls. 6).

Viðmiðun 15. Skilvirkur vatnsbúnaður: salerni og þvagskálar

Með fyrirvara um staðbundna eða landsbundna löggjöf um skolon salerna og þvagskála:

- a) Stöðug skolon er ekki leyfð í þvagskálum í gistiaðstöðunni.
- b) Salerni sem eru sett upp innan gildistíma leyfisins fyrir umhverfismerki ESB skulu hafa skilvirka salernisskolun sem er $\leq 4,5$ lítrar.

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram greinargóða lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt í gistiaðstöðunni fyrir ferðamenn ásamt viðeigandi fylgigögnum. Að því er varðar kröfuna í b-lið skal leyfishafinn upplýsa þar til bera aðilann um nýju uppsetninguna innan gildistíma leyfisins fyrir umhverfismerki ESB á salernum ásamt viðeigandi fylgiskjölum. Vatnssalerni og þvagskálar með umhverfismerki ESB eða vatnssalerni og þvagskálar sem bera önnur merki af gerð I samkvæmt ISO-staðli sem uppfylla framangreindar kröfur teljast uppfylla viðmiðanir. Ef salerni og þvagskálar með umhverfismerki ESB eru notuð skal umsækjandi leggja fram afrit af vottorðinu fyrir umhverfismerki ESB eða afrit af merkinu á umbúðunum sem sýnir að það hafi verið veitt í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/641/ESB ⁽¹⁾. Ef vörur sem bera önnur merki af gerð I samkvæmt ISO-staðli eru notaðar skal umsækjandinn leggja fram afrit af vottorðinu um merkið af gerð I eða afrit af merkinu á umbúðunum og tilgreina kröfurnar fyrir merkið af gerð I samkvæmt ISO-staðli sem eru sambærilegar þeim sem um getur hér að ofan.

Viðmiðun 16. Minnkun á þvotti sem næst með endurnotkun handklæða og rúmfatnaðar

Gistiaðstaðan fyrir ferðamenn skal skipta um rúmföt og handklæði eins oft og fastsett er í aðgerðaáætlun aðstöðunnar á sviði umhverfismála sem skal vera sjaldnar en daglega nema þess sé krafist samkvæmt lögum eða landsbundinni löggjöf eða fastsett í vottunarkerfi þriðja aðila sem gistipjónustan tekur þátt í. Tíðari skipti skulu einungis fara fram ef gestir fara sérstaklega fram á það.

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt viðkomandi gögnum um þá tíðni sem gistiaðstaðan fyrir ferðamenn fastsetur eða tíðni samkvæmt vottun þriðja aðila eða lögum eða landsbundinni löggjöf.

ÚRGANGUR OG SKÓLP**Viðmiðun 17. Forvarnir gegn myndun úrgangs: áætlun um minnkun úrgangs frá matsölu**

Með fyrirvara um staðbundna eða landsbundna löggjöf um matsölu:

- a) með það að markmiði að draga úr umbúðaúrgangi: Engar pakkningar með stökum skömmtum skulu notaðar fyrir sölu á matvælum sem eru ekki viðkvæm fyrir skemmdum (t.d. kaffi, sykur, kakóduft (að undanskildum tepokum)).
- b) með það að markmiði að stilla úrgang umbúða/matvæla miðað við árstíðina: Að því er varðar öll matvæli sem eru viðkvæm fyrir skemmdum (t.d. jógúrt, sultur, hunang, kjótálegg, sætabrauð) skal gistiaðstaðan fyrir ferðamenn stýra veitingu matvæla til gesta þannig að bæði matarúrgangi og umbúðaúrgangi sé haldið í lágmarki. Til að það náist skal gistiaðstaðan fyrir ferðamenn fylgja skjalfestum verklagsreglum sem tengjast aðgerðaáætluninni (viðmiðun 1) þar sem tilgreint er hvernig best sé að stilla úrgang matvæla/umbúða með hliðsjón af fjölda gesta.

Undanskilin þessari viðmiðun eru: verslanir og sjálfsalar undir stjórn gistiaðstöðunnar fyrir ferðamenn og stakir skammtar af sykri og kaffi inn á herbergjum að því tilskildu að vörurnar sem notaðar eru í þessu skyni séu í samræmi við sanngjörn viðskipti og/eða lífrænt vottaðar og notuð kaffihylki (ef við á) eru send aftur til framleiðandans til endurvinnslu.

⁽¹⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/641/ESB frá 7. nóvember 2013 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir vatnssalerni og þvagskálar (Stjtið. ESB L 299, 9.11.2013, bls. 38).

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt skjalfestum verklagsreglum þar sem gerð er grein fyrir því hvernig bæði matar- og umbúðaúrgangi er haldið í lágmarki. Öll löggjöf sem krefst notkunar pakkninga með stökum skömmtum skal einnig lögð fram. Ef við á skal leggja fram gögn til að sýna fram á samræmi við skilyrðin fyrir undanþágu (t.d. yfirlýsing um endurvíðtöku frá framleiðanda kaffihylkja, merkimiði á umbúðum sem gefur til kynna að vara sé lífræn og/eða í samræmi við sanngjörn viðskipti). Ganga skal úr skugga um þetta í vettvangsheimsókninni.

Matvæli sem eru viðkvæm fyrir skemmdum eru skilgreind sem matvæli sem hætt er við að spillast eða eyðileggjast, einkum matvæli sem hafa t.d. verið lítið unnin eða ekki rotvarin á annan hátt og þurfa að vera kæld til að seinka því að þau spillist eða tapi gæðum (Alþjóðamatvælaskráin).

Viðmiðun 18. Forvarnir gegn myndun úrgangs: Einnota hlutir

- Einnota snyrtivörur (sturtuhettur, burstar, naglaþjalir, hárfvottalegir, sápur o.s.frv.) skulu ekki standa gestum til boða í herbergjum nema þeir óski þess eða ef fyrir hendi er lagaskylda eða krafa í óháðu gæðaflokkunarkerfi/vottunarkerfi eða gæðastefnu hóteldu sem gístiaðstaðan fyrir ferðamenn er hluti af.
- Einnota áhöld í tengslum við matsölu (leirtau, hnífapör og vatnskönnur) skulu ekki standa gestum til boða í herbergjum og á veitingastöðum/börum nema umsækjandinn hafi gert samning við endurvinnsluðila fyrir slík áhöld.
- Einnota handklæði og rúmföt (að undanskildu draglaki (e. *draw sheet*)) skulu ekki notuð í herbergjum.

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt viðeigandi gögnum um það hvernig viðmiðunin er uppfyllt. Einnig skal leggja fram löggjöf eða óháð gæðaflokkunarkerfi/vottunarkerfi þar sem gerð er krafa um notkun einnota áhalda. Ganga skal úr skugga um þetta í vettvangsheimsókninni.

Viðmiðun 19. Úrgangur flokkaður og sendur í endurvinnslu

- Með fyrirvara um staðbundna eða landsbundna löggjöf um flokkun úrgangs skulu hentug ílát vera fyrir gesti til að flokka úrgang á herbergjum og/eða á hverri hæð og/eða miðsvæðis í gístiaðstöðunni fyrir ferðamenn.
- Gístiaðstaðan fyrir ferðamenn skal skilja úrgang að í þá flokka sem tiltækar, staðbundnar úrgangsmeðhöndlunarstöðvar krefjast eða leggja til og skal gefa sérstakan gaum að snyrtivörum og hættulegum úrgangi, t.d. prentdufti, bleki, kælibúnaði og rafbúnaði, rafhlöðum, orkunýtnum perum, lyfjum og fitu/olíu.

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt og tilgreina þá flokka úrgangs sem staðaryfirvöld taka við og/eða viðeigandi samninga við endurvinnsluþjónustu. Ganga skal úr skugga um þetta í vettvangsheimsókninni.

AÐRAR VIÐMIÐANIR**Viðmiðun 20. Reykingabann í sameiginlegu rými og herbergjum**

- Í öllu sameiginlegu rými innandyra skal vera bannað að reykja.
- Reykingar skulu ekki leyfðar í a.m.k. 80% af gístiherbergjum eða leigðum gístirýmum (námundað að næstu heilu tölu).

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt skjalfestum gögnum á borð við myndir af skiltunum sem komið er fyrir í gístiaðstöðunni fyrir ferðamenn. Umsækjandinn skal tilgreina fjölda herbergja fyrir gesti og tilgreina hver þeirra eru reyklaus.

Viðmiðun 21. Stuðlað að notkun flutningatækja sem eru ákjósanleg með tilliti til umhverfisins

Upplýsingar skulu gerðar aðgengilegar á vefsetri gístiaðstöðunnar (ef það er fyrir hendi) og á staðnum fyrir gesti og starfsfólk um eftirfarandi:

- upplýsingar um flutningatæki sem eru ákjósanleg með tilliti til umhverfisins og eru tiltæk á staðnum til skoðunarferða um borgina eða bæinn þar sem gístiaðstaðan fyrir ferðamenn er staðsett (almenningsgangur, reiðhjól o.s.frv.),
- upplýsingar um flutningatæki sem eru ákjósanleg með tilliti til umhverfisins og eru tiltæk á staðnum til að komast til eða fara frá borginni eða bænum þar sem gístiaðstaðan fyrir ferðamenn er staðsett,
- ef við á, sérstök tilboð eða samningar við ferðaþjónustufyrirtæki sem gístiaðstaðan fyrir ferðamenn gæti boðið gestum og starfsfólki. (t.d. skulþjónusta, hópbíreið fyrir starfsfólkið, rafmagnsbílar o.s.frv.)

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt afriti af upplýsingaefninu sem liggur fyrir, t.d. á vefsetrum, í bæklingum, o.s.frv.

Viðmiðun 22. Upplýsingar sem fram koma á umhverfismerki ESB

Á valkvæða merkimiðanum með textareitnum skal vera eftirfarandi texti:

„Í þessari gístiaðstöðu fyrir ferðamenn eru á virkan hátt gerðar ráðstafanir til að draga úr umhverfisáhrifum hennar

- stuðla að notkun endurnýjanlegra orkugjafa,
- spara orku og vatn
- og draga úr úrgangi.“

Viðmiðunarreglur um notkun á valkvæða merkimiðanum með textareitnum má finna í „Guidelines for the use of the EU Ecolabel logo“ (viðmiðunarreglur um notkun á kennimerki umhverfismerkis ESB) á vefsetrinu:

http://ec.europa.eu/environment/ecolabel/documents/logo_guidelines.pdf

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt þar sem útskýrt er hvernig merkið verður sýnt.

B-ÞÁTTUR**VIÐMIÐANIR SEM UM GETUR Í b-LIÐ 3. MGR.****ALMENN STJÓRNUN****Viðmiðun 23. EMAS-skráning, ISO-vottun gístiaðstöðunnar fyrir ferðamenn (allt að 5 stig)**

Gístiaðstaðan fyrir ferðamenn skal skráð samkvæmt umhverfisstjórnunarkerfi Sambandsins (EMAS) (5 stig) eða vottuð samkvæmt ISO-staðli 14001 (3 stig) eða vottuð samkvæmt ISO-staðli 50001 (2 stig).

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram viðeigandi staðfestingu á EMAS-skráningu eða vottun samkvæmt ISO-staðli.

Viðmiðun 24. EMAS-skráning eða ISO-vottun birgja (allt að 5 stig)

Að minnsta kosti tveir af helstu birgjum eða þjónustuveitendum gístiaðstöðunnar fyrir ferðamenn skulu vera á staðnum og hafa EMAS-skráningu (5 stig) eða vottun samkvæmt ISO-staðli 14001 (2 stig) eða vottun samkvæmt ISO-staðli 50001 (1,5 stig).

Að því er varðar þessa viðmiðun telst þjónustuveitandi á staðnum vera veitandi sem er staðsettur innan 160 kílómetra radíuss frá gístiaðstöðunni fyrir ferðamenn.

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram viðeigandi staðfestingu á EMAS-skráningu eða vottun samkvæmt ISO-staðli fyrir a.m.k. tvo af helstu birgjum sínum.

Viðmiðun 25. Þjónusta með umhverfismerki (allt að 4 stig)

Þjónustuveitandi sem hefur hlotið umhverfismerki af gerð I samkvæmt ISO-staðli sér um allan útvistaðan þvott og/eða hreinsun (2 stig fyrir hverja þjónustu, að hámarki 4 stig).

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram viðeigandi sönnun um að þvottaþjónustu- og/eða hreinsunarþjónustuveitendur hafi vottun af gerð I samkvæmt ISO-staðli.

Viðmiðun 26. Kynning og fræðsla um umhverfis- og félagsmál (allt að 2 stig)

- a) Af hálfu gistiaðstöðunnar í ferðaþjónustu skal beina orðsendingum og fræðslu til gesta um fjölbreytni í lífríki staðarins, landslag og náttúruverndaraðgerðir (1 stig).
- b) Afþreying fyrir gesti felur í sér þætti sem tengjast umhverfisfræðslu (t.d. bækur, teikni- og hreyfimyndir, viðburði) (1 stig).

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram greinargóða lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt í gistiaðstöðunni fyrir ferðamenn ásamt viðeigandi fylgigögnum.

Viðmiðun 27. Vöktun notkunar: Orku- og vatnsnotkunarmælingar (allt að 2 stig)

Í gistiaðstöðunni fyrir ferðamenn skulu vera orku- og vatnsmælur sem settir eru upp til að gera kleift að safna gögnum um notkun í mismunandi starfsemi og/eða notkun véla, s.s. eftirfarandi flokkar (1 stig fyrir hvern flokk, að hámarki 2 stig):

- a) herbergi,
- b) stæði,
- c) þvottaþjónusta,
- d) þjónusta í eldhúsi,
- e) sérstakar vélar (t.d. kæliskápar, þvottavélar).

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram greinargóða lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt í gistiaðstöðunni fyrir ferðamenn ásamt korti sem sýnir staðsetningu mæla.

ORKA

Viðmiðun 28. Orkunýtin rýmis- og vatnshitunartæki (allt að 3 stig)

Gistiaðstaðan fyrir ferðamenn skal a.m.k. hafa:

- a) tæki til rýmishitunar með vatnshitakerfi sem uppfyllir a-lið í viðmiðun 6 (1 stig),
- b) staðbundið tæki til rýmishitunar sem er a.m.k. í orkuflokki A eins og skilgreint er í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1186 ⁽¹⁾ (1 stig).
- c) vatnshitunarbúnaður sem uppfyllir c-lið í viðmiðun 6 (1 stig).

⁽¹⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1186 frá 24. apríl 2015 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar staðbundinna rýmishitara (Stjtið. ESB L 193, 21.7.2015, bls. 20).

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram tækniforskriftir frá framleiðandanum eða faglærðu tæknimönnunum sem bera ábyrgð á uppsetningu, sölu eða viðhaldi rýmis- og vatnshitara sem gefa til kynna hvernig nýtninni, sem krafist er samkvæmt a-, b- og c-lið í viðmiðun 6, er náð. Hitarar fyrir vatnshitakerfi með umhverfismerki ESB skulu teljast uppfylla kröfunna í ii. lið a-liðar í viðmiðun 6. Vörur sem bera önnur merki af gerð I samkvæmt ISO-staðli sem uppfylla einhverjar af kröfunum í a-, b- og c-lið skulu teljast uppfylla kröfur. Ef hitarar fyrir vatnshitakerfi með umhverfismerki ESB eru notaðir skal umsækjandi leggja fram afrit af vottorðinu fyrir umhverfismerki ESB eða afrit af merkinu á umbúðunum sem sýnir að það hafi verið veitt í samræmi við ákvörðun 2014/314/ESB. Ef vörur sem bera önnur merki af gerð I samkvæmt ISO-staðli eru notaðar skal umsækjandinn leggja fram afrit af vottorðinu um merkið af gerð I eða afrit af merkinu á umbúðunum og tilgreina kröfurnar fyrir merkið af gerð I samkvæmt ISO-staðli sem eru tilgreindar í a-, b- og c-lið.

Viðmiðun 29. Orkunýtin loftræsting og loftvarmadælur (allt að 3,5 stig)

Gistiaðstaðan fyrir ferðamenn skal fylgja öðru hvoru eftirtalinna viðmiðunarmarka:

- a) 50% af loftræstingu og loftvarmadælum til heimilisnota (námundað að næstu heilu tölu) með orkunýtni sem er a.m.k. 15% meiri en viðmiðunarmörkin sem eru fastsett í viðmiðun 7 (1,5 stig),
- b) 50% af loftræstingu og loftvarmadælum til heimilisnota (námundað að næstu heilu tölu) með orkunýtni sem er a.m.k. 30% meiri en viðmiðunarmörkin sem eru fastsett í viðmiðun 7 (3,5 stig).

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram tækniforskriftir frá framleiðandanum eða faglærðu tæknimönnunum sem bera ábyrgð á uppsetningu, sölu eða viðhaldi loftræstikerfis sem gefa til kynna hvernig tilskilinni nýtni er náð.

Viðmiðun 30. Loftvarmadælur með allt að 100 kW varmaafköst (3 stig)

Gistiaðstaðan fyrir ferðamenn skal hafa loftvarmadælu sem uppfyllir a.m.k. viðmiðun 7 (ef við á, sjá athugasemd í viðmiðun 7) og hefur hlotið umhverfismerki ESB í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/742/EB ⁽¹⁾ eða annað merki af gerð I samkvæmt ISO-staðli.

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram tækniforskriftir frá framleiðandanum eða faglærðu tæknimönnunum sem bera ábyrgð á uppsetningu, sölu eða viðhaldi loftvarmadællunnar sem gefa til kynna hvernig tilskildu nýtninni er náð (ef við á). Ef varmadælur með umhverfismerki ESB eru notaðar skal umsækjandi leggja fram afrit af vottorðinu fyrir umhverfismerki ESB eða afrit af merkinu á umbúðunum sem sýnir að það hafi verið veitt í samræmi við ákvörðun 2007/742/EB. Ef vörur sem bera önnur merki af gerð I samkvæmt ISO-staðli eru notaðar skal umsækjandinn leggja fram afrit af vottorðinu um merkið af gerð I eða afrit af merkinu á umbúðunum.

Viðmiðun 31. Orkunýtin heimilistæki og lýsing (allt að 4 stig)

Gistiaðstaða fyrir ferðamenn skal hafa orkunýtin tæki fyrir eftirfarandi flokka (0,5 stig eða 1 stig fyrir hvern af eftirfarandi flokkum, að hámarki 4 stig):

- a) kælitæki til heimilisnota sem skulu vera að a.m.k. 50% (0,5 stig) eða 90% (1 stig) (námundað að næstu heilu tölu) í flokki A++ samkvæmt orkumerkimiða ESB eins og mælt er fyrir um í IX. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1060/2010 ⁽²⁾,
- b) rafmagnsbakaraofna til heimilisnota sem skulu vera að a.m.k. 50% (0,5 stig) eða 90% (1 stig) (námundað að næstu heilu tölu) í flokki A++ samkvæmt orkumerkimiða ESB eins og mælt er fyrir um í I. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 65/2014 ⁽³⁾,

⁽¹⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/742/EB frá 9. nóvember 2007 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir rafknúnar eða gasknúnar varmadælur eða gasísogsvarmadælur (Stjtið. ESB L 301, 20.11.2007, bls. 14).

⁽²⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1060/2010 frá 28. september 2010 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar kælitækja til heimilisnota (Stjtið. ESB L 314, 30.11.2010, bls. 17).

⁽³⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 65/2014 frá 1. október 2013 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar bakaraofna og gufugleypa til heimilisnota (Stjtið. ESB L 29, 31.1.2014, bls. 1).

- c) uppþvottavélar til heimilisnota sem skulu vera að a.m.k. 50% (0,5 stig) eða 90% (1 stig) (námunnað að næstu heilu tölu) í flokki A++ samkvæmt orkumerkimiða ESB eins og mælt er fyrir um í VI. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1059/2010 ⁽¹⁾,
- d) þvottavélar til heimilisnota sem skulu vera að a.m.k. 50% (0,5 stig) eða 90% (1 stig) (námunnað að næstu heilu tölu) í flokki A++ samkvæmt orkumerkimiða ESB eins og mælt er fyrir um í VI. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1061/2010 ⁽²⁾,
- e) skrifstofubúnaður sem skal að a.m.k. 50% (0,5 stig) eða 90% (1 stig) (námunnað að næstu heilu tölu) bera Orkustjörnuna, eins og skilgreint er í Orkustjörnu v6.1 fyrir tölvur og samkvæmt samningnum sem settur er fram í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1402 ⁽³⁾, í Orkustjörnu v6.0 fyrir skjábúnað, í Orkustjörnu v2.0 fyrir búnað til myndgerðar, í Orkustjörnu v1.0 fyrir órjúfanlega aflgjafa og/eða Orkustjörnu v2.0 fyrir fyrirtækjanetþjóna og samkvæmt samningnum sem settur er fram í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/202/ESB ⁽⁴⁾.
- f) þurrkarar til heimilisnota sem skulu vera að a.m.k. 50% (0,5 stig) eða 90% (1 stig) (námunnað að næstu heilu tölu) í flokki A++ samkvæmt orkumerkimiða ESB eins og mælt er fyrir um í VI. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 392/2012 ⁽⁵⁾,
- g) ryksugur til heimilisnota sem skulu vera að a.m.k. 50% (0,5 stig) eða 90% (1 stig) (námunnað að næstu heilu tölu) í flokki A eða hærri samkvæmt orkumerkimiða ESB eins og mælt er fyrir um í I. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 665/2013 ⁽⁶⁾,
- h) rafmagnsljósaperur og -lampar sem skulu vera að a.m.k. 50% (0,5 stig) eða 90% (1 stig) í flokki A++ eins og mælt er fyrir um í VI. viðauka við framselda reglugerð (ESB) nr. 874/2012.

Athugasemd: Þessi viðmiðun á ekki við um búnað og lýsingu sem falla ekki undir reglugerðina sem tilgreind er fyrir hvern flokk (t.d. iðnaðartæki).

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram gögn sem sýna orkuflokk (Orkustjörnuvottorð fyrir flokk e) allra tækja í viðeigandi flokki.

Viðmiðun 32. Varmaendurvinnsla (allt að 3 stig)

Í gístiaðstöðunni fyrir ferðamenn skal vera varmaendurvinnslukerfi fyrir einn (1,5 stig) eða tvo (3 stig) af eftirfarandi flokkum: kælikerfi, viftur, þvottavélar, uppþvottavélar, sundlaugar og skólp frá hreinlætisaðstöðu.

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt gögnum um varmaendurvinnslukerfin (t.d. afrit af áætlun um varmaendurvinnslukerfi sem eru fyrir hendi, lýsing frá tæknimanni o.s.frv.).

⁽¹⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1059/2010 frá 28. september 2010 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar uppþvottavéla til heimilisnota (Stjtið. ESB L 314, 30.11.2010, bls. 1).

⁽²⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1061/2010 frá 28. september 2010 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar þvottavéla til heimilisnota (Stjtið. ESB L 314, 30.11.2010, bls. 47).

⁽³⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1402 frá 15. júlí 2015 um að ákvarða afstöðu Evrópusambandsins, að því er varðar ákvörðun stjórnunareininga samkvæmt samningi á milli ríkisstjórnar Bandaríkja Ameríku og Evrópusambandsins um samhæfingu áætlana um orkunýtnimerkingar á skrifstofubúnaði, um að endurskoða nákvæmar skilgreiningar fyrir tölvur sem falla undir viðauka C við samninginn (Stjtið. ESB L 217, 18.8.2015, bls. 9).

⁽⁴⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/202/ESB frá 20. mars 2014 um að ákvarða afstöðu Evrópusambandsins, að því er varðar ákvörðun stjórnunareininga samkvæmt samningi á milli ríkisstjórnar Bandaríkja Ameríku og Evrópusambandsins um samhæfingu áætlana um orkunýtnimerkingar á skrifstofubúnaði, um að bæta við nákvæmum skilgreiningum fyrir tölvumiðlara og órjúfanlega aflgjafa í viðauka C við samninginn og um að endurskoða nákvæmar skilgreiningar fyrir skjábúnað og búnað til myndgerðar sem falla undir viðauka C við samninginn (Stjtið. ESB L 114, 16.4.2014, bls. 68).

⁽⁵⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 392/2012 frá 1. mars 2012 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar þurrkara til heimilisnota (Stjtið. ESB L 123, 9.5.2012, bls. 1).

⁽⁶⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 665/2013 frá 3. maí 2013 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar ryksugna (Stjtið. ESB L 192, 13.7.2013, bls. 1).

Viðmiðun 33. Hitastýring og einangrun í gluggum (allt að 4 stig)

- a) Gestir skulu stjórna hitastiginu í hverju gistiherbergi. Hitastýrikerfið skal gera sérstýringu mögulega innan eftirfarandi skilgreindra marka (2 stig):
 - i. herbergishitastig, í kælingarham, er fastsett við eða yfir 22 °C að sumarlagi,
 - ii. herbergishitastig, í hitunarham, er fastsett við eða undir 22 °C að vetrarlagi.
- b) 90% af gluggum í upphituðum og/eða loftræstum herbergjum og sameiginlegu rými skulu vera einangraðir með a.m.k. tvöföldum rúðum eða jafngildi þess (2 stig).

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt viðkomandi gögnum um hitastýrikerfið eða verklagsreglur sem er fylgt til að fastsetja skilgreint hitasvið eða ljósmyndum af gluggum. Leggja skal fram yfirlýsingu sérfræðings ef einangrun í gluggum sem er notuð jafngildir margföldum rúðum.

Viðmiðun 34. Búnaður/tæki slökkva sjálfvirk á sér (allt að 4,5 stig)

- a) 90% af gestaherbergjunum í gístiaðstöðunni fyrir ferðamenn (námunðað að næstu heilu tölu) skulu hafa búnað sem slekkur sjálfvirk á uppsettum hita-, loftræsti- og loftjöfnunarkerfum þegar gluggar eru opnaðir og þegar gestir yfirgefa herbergið (1,5 stig),
- b) 90% af herbergjum í gístiaðstöðunni fyrir ferðamenn (námunðað að næstu heilu tölu) skulu búin sjálfvirku kerfi sem slekkur á ljósunum þegar gestir yfirgefa herbergið (1,5 stig),
- c) 90% ljósa utanhúss (námunðað að næstu heilu tölu) sem ekki eru nauðsynleg af öryggisástæðum skulu slökkt með sjálfvirkum búnaði eftir ákveðinn tíma eða kveikt með náðarnema (1,5 stig).

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram tækniforskriftir frá faglærðu tæknimönnunum sem bera ábyrgð á uppsetningu eða viðhaldi þessara tækja/búnaðar.

Viðmiðun 35. Fjarhitun/-kæling og kæling frá samvinnslu raf- og varmaorku (allt að 4 stig)

- a) Upphitunin og/eða kælingin í gístiaðstöðunni fyrir ferðamenn skal koma frá skilvirku fjarhitunar- eða fjarkælikerfi. Að því er varðar umhverfismerki ESB er þetta skilgreint sem: fjarhitunar- eða fjarkælikerfi sem notar minnst 50% endurnýjanlega orku, 50% frávarma, 75% varma sem myndaður er með samvinnslu raf- og varmaorku eða 50% blöndu slíkrar orku og varma, eins og skilgreint er í tilskipun 2012/27/ESB (2 stig).
- b) Kæling í gístiaðstöðunni fyrir ferðamenn skal koma frá samvinnslueiningum með góða orkunýtni samkvæmt tilskipun 2012/27/ESB (2 stig).

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt gögnum um fjarhitunarkerfið og/eða fjarkælikerfið með samvinnslu raf- og varmaorku.

Viðmiðun 36. Rafknúnar handþurrkur með náðarnema (1 stig)

Allar rafknúnar handþurrkur skulu búnar náðarnemum eða hafa hlotið merki af gerð I samkvæmt ISO-staðli.

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram viðeigandi fylgiskjöl um það hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt í gistiaðstöðunni fyrir ferðamenn. Ef notaðar eru vörur með merki af gerð I samkvæmt ISO-staðli skal umsækjandinn leggja fram afrit af vottorði um merkið af gerð I eða afrit af merkinu á umbúðunum.

Viðmiðun 37. Losun frá rýmishitara (1,5 stig)

Að því er varðar rýmishitara í gistiaðstöðunni fyrir ferðamenn skal magn köfnunarefnisoxíðs í útblásturslofti ekki fara yfir viðmiðunarmörkin sem eru tilgreind í töflunni hér á eftir, reiknað út í samræmi við eftirfarandi reglugerðir:

- a) að því er varðar rýmishitara fyrir vatnshitakerfi sem nota gaskennt og fljótandi eldsneyti: reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 813/2013 ⁽¹⁾,
- b) að því er varðar rýmishitara fyrir vatnshitakerfi sem nota eldsneyti í föstu formi: reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1189 ⁽²⁾,
- c) að því er varðar staðbundna rýmishitara sem nota gaskennt eða fljótandi eldsneyti: reglugerð (ESB) 2015/1188,
- d) að því er varðar staðbundna rýmishitara sem nota eldsneyti í föstu formi: reglugerð (ESB) 2015/1185.

Varmagjafatækni	Losunarmörk fyrir köfnunarefnisoxíð (NO _x)
Gashitarar	Að því er varðar hitara fyrir vatnshitakerfi með innbyggðan brunahreyfil: 240 mg/kWh orkuílag miðað við hærra varmagildi Að því er varðar hitara fyrir vatnshitakerfi og staðbundna hitara með ytri bruna (katlar): 56 mg/kWh orkuílag miðað við hærra varmagildi
Hitarar fyrir fljótandi eldsneyti	Að því er varðar hitara fyrir vatnshitakerfi með innbyggðan brunahreyfil: 420 mg/kWh orkuílag miðað við hærra varmagildi Að því er varðar vatnshitara og staðbundna hitara með ytri bruna (katlar): 120 mg/kWh orkuílag miðað við hærra varmagildi
Hitarar fyrir eldsneyti í föstu formi	Rýmishitarar fyrir vatnshitakerfi: 200 mg/Nm ³ við 10% O ₂ Staðbundnir rýmishitarar: 200 mg/Nm ³ við 13% O ₂

Að því er varðar katla fyrir eldsneyti í föstu formi og staðbundna rýmishitara sem nota eldsneyti í föstu formi í gistiaðstöðunni fyrir ferðamenn skal losun efnisagna í útblásturslofti ekki fara yfir viðmiðunarmörkin sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2015/1189 annars vegar og hins vegar í reglugerð (ESB) 2015/1185.

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram tækniforskriftir frá framleiðandanum eða faglærðu tæknimönnunum sem bera ábyrgð á uppsetningu, sölu eða viðhaldi rýmishitaranna sem gefa til kynna hvernig tilskilinni nýtni er náð. Hitarar fyrir vatnshitakerfi með umhverfismerki ESB skulu teljast uppfylla kröfur. Vörur sem bera önnur merki af gerð I samkvæmt ISO-staðli sem uppfylla framangreindar kröfur teljast uppfylla viðmiðanir. Ef hitarar fyrir vatnshitakerfi með umhverfismerki ESB eru notaðir skal umsækjandi leggja fram afrit af vottorði fyrir umhverfismerki ESB eða afrit af merki á umbúðunum sem sýnir að það hafi verið veitt í samræmi við ákvörðun 2014/314/ESB. Ef vörur sem bera önnur merki af gerð I samkvæmt ISO-staðli eru notaðar skal umsækjandinn leggja fram afrit af vottorði um merki af gerð I eða afrit af merkinu á umbúðunum og tilgreina kröfurnar fyrir merki af gerð I samkvæmt ISO-staðli sem eru sambærilegar þeim sem um getur hér að ofan.

⁽¹⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 813/2013 frá 2. ágúst 2013 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi vishönnun hitara fyrir rými og sambyggðra hitara (Stjtið. ESB L 239, 6.9.2013, bls. 136).

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1189 frá 28. apríl 2015 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi vishönnun katla fyrir eldsneyti í föstu formi (Stjtið. ESB L 193, 21.7.2015, bls. 100).

Viðmiðun 38. Innkaup á raforku hjá endurnýjanlegri rafveitu (allt að 4 stig)

- a) Gistiaðstaðan fyrir ferðamenn skal gera samning um sérstaka raforkugjaldskrá þar sem 100% af raforkunni (heildareldsneytisblandan sem birgirinn setur á markað eða eldsneytisblanda sem svarar til völdu gjaldskrárinnar) kemur frá endurnýjanlegum orkugjöfum eins og skilgreint er í tilskipun 2009/28/EB (3 stig) og er vottuð með umhverfismerki fyrir raforku (4 stig).
- b) Að öðrum kosti geta þau 100% af raforkunnar frá endurnýjanlegum orkugjöfum sem eru vottuð með umhverfismerki fengist með sundurgreindum kaupum á upprunaábyrgð eins og skilgreint er í j-lið 2. gr. tilskipunar 2009/28/EB (3 stig).

Að því er varðar þessa viðmiðun skal umhverfismerkið fyrir raforku uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- 1) staðall gæðamerkisins er sannprófaður af óháðri stofnun eða fyrirtæki (þriðja aðila),
- 2) vottaða raforkan sem er keypt er tilkomin vegna framleiðslugetu nýrrar stöðvar fyrir endurnýjanlega orku sem hefur verið sett upp á síðustu tveimur árum eða hluti fjármunanna sem vottaða raforkan er keypt með er notaður til að stuðla að fjárfestingu í nýrri framleiðslugetu á endurnýjanlegri orku.

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu frá orkuveitunni eða -veitunum (eða samninginn við hana eða þær) þar sem fram kemur eðli endurnýjanlega orkugjafans eða orkugjafanna, hve hár hundraðshluti raforkunnar sem notaður er fæst frá endurnýjanlegum orkugjafa og, ef við á, að 100% af keyptri raforku sé vottuð eða hafi verið vottuð með umhverfismerki frá þriðja aðila. Að auki, að því er varðar b-lið, skal leggja fram yfirlýsingar frá veitanda upprunaábyrgðar sem sýnir að farið sé að skilyrðunum sem getið er í a-lið viðmiðunar 12.

Viðmiðun 39. Eigin framleiðsla rafmagns á staðnum með endurnýjanlegum orkugjöfum (allt að 5 stig)

Gistiaðstaðan fyrir ferðamenn skal hafa eigin raforkuframleiðslu frá endurnýjanlegum orkugjöfum, eins og þeir eru skilgreindir í a-lið 2. gr. tilskipunar 2009/28/EB, sem geta tekið til: raforkuframleiðslu með ljósspennu (sólarpilja) eða vatnsafla á staðnum, jarðvarma, lífmassa á staðnum eða vindorku sem framleiðir:

- a) að minnsta kosti 10% af heildarraforkunotkun á ári (1 stig),
- b) að minnsta kosti 20% af heildarraforkunotkun á ári (3 stig),
- c) að minnsta kosti 50% af heildarraforkunotkun á ári (5 stig).

Að því er varðar þessa viðmiðun telst lífmassi á staðnum vera lífmassi frá gjafa sem er staðsettur innan 160 kílómetra radíuss frá gistiaðstöðunni fyrir ferðamenn.

Ef eigin framleiðsla á endurnýjanlegri orku leiðir til útgáfu upprunaábyrgða má einungis taka eigin framleiðslu með í reikninginn ef upprunaábyrgðirnar enda ekki á markaði en eru felldar niður til að ná yfir neyslu á staðnum.

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt upplýsingum um ljósspennu-, vatnsafls-, jarðvarma, lífmassa- eða vindorkukerfið og gögnum um raunverulega framleiðslu þess. Ef lífmassi á staðnum er notaður skal umsækjandinn leggja fram gögn um tiltækileika lífmassa á staðnum (t.d. samning við lífmassabirgi). Ef vatnsaflskerfi er notað skal umsækjandinn að auki leggja fram gilt leyfi/starfsleyfi/sérleyfi í samræmi við gildandi landsbundin lög og reglur. Nota má útreikning á hundraðshluta framleiddrar orku af heildarnotkun á næstliðnu ári fyrir umsóknarárið til að sýna getuna til að uppfylla þessa viðmiðun.

Viðmiðun 40. Hitunarorka frá endurnýjanlegum orkugjöfum (allt að 3,5 stig)

- a) Að minnsta kosti 70% af heildarorkunni sem er notuð til að hita eða kæla herbergin (1,5 stig) og/eða hita grávatn (1 stig) skulu koma frá endurnýjanlegum orkugjöfum eins og þeir eru skilgreindir í a-lið 2. gr. tilskipunar 2009/28/EB.
- b) 100% af heildarorkunni sem er notuð til að hita eða kæla herbergin (2 stig) og/eða hita grávatn (1,5 stig) skal koma frá endurnýjanlegum orkugjöfum eins og þeir eru skilgreindir í a-lið 2. gr. tilskipunar 2009/28/EB.

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt gögnum um orku sem er notuð og gögnum sem sýna fram á að a.m.k. 70% eða 100% þeirrar orku fáið með endurnýjanlegum orkugjöfum.

Viðmiðun 41. Hitun sundlauga (allt að 1,5 stig)

- a) Að minnsta kosti 50% af heildarorkunni sem er notuð til að hita sundlaugarvatn skal koma frá endurnýjanlegum orkugjöfum eins og þeir eru skilgreindir í a-lið 2. gr. tilskipunar 2009/28/EB (1 stig).
- b) Að minnsta kosti 95 % af heildarorkunni sem er notuð til að hita sundlaugarvatn skal koma frá endurnýjanlegum orkugjöfum eins og þeir eru skilgreindir í a-lið 2. gr. tilskipunar 2009/28/EB (1,5 stig).

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt gögnum um orku sem notuð er til að hita sundlaugarvatn og gögnum sem sýna fram á hversu mikill hluti orkunnar er fenginn með endurnýjanlegum orkugjöfum.

VATN

Viðmiðun 42. Skilvirkur vatnsbúnaður: Baðherbergiskranar og sturtur (allt að 4 stig)

- a) Meðalvatnsflæði í sturtum skal ekki fara yfir sjö lítra á mínútu og í baðherbergiskrönum (að undanskildum baðkörum) skal það ekki fara yfir sex lítra á mínútu (2 stig).
- b) Að minnsta kosti 50% af baðherbergiskrönum og sturtum (námundað að næstu heilu tölu) skulu hafa hlotið umhverfismerki ESB í samræmi við ákvörðun 2013/250/ESB eða annað merki af gerð I samkvæmt ISO-staðli (2 stig).

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt tilheyrandi gögnum, þ.m.t. skýringum á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt í gístiðstöðunni fyrir ferðamenn (t.d. með notkun streymismælis eða lítillar fötu og úrs). Kranavörur til hreinlætisnota með umhverfismerki ESB og vörur sem bera önnur merki af gerð I samkvæmt ISO-staðli sem uppfylla framangreindar kröfur teljast uppfylla viðmiðanir. Ef kranavörur til hreinlætisnota með umhverfismerki ESB eru notaðar skal umsækjandi leggja fram afrit af vottorðinu fyrir umhverfismerki ESB eða afrit af merkinu á umbúðunum sem sýnir að það hafi verið veitt í samræmi við ákvörðun 2013/250/ESB. Ef vörur sem bera önnur merki af gerð I eru notaðar skal umsækjandinn leggja fram afrit af vottorðinu um merkið af gerð I samkvæmt ISO-staðli eða afrit af merkinu á umbúðunum.

Viðmiðun 43. Skilvirkur vatnsbúnaður: Salerni og þvagskálur (allt að 4,5 stig)

- a) Allar þvagskálur skulu nota vatnslaut kerfi (1,5 stig).
- b) Að minnsta kosti 50% af þvagskálum (námundað að næstu heilu tölu) skulu hafa hlotið umhverfismerki ESB í samræmi við ákvörðun 2013/641/ESB eða annað merki af gerð I samkvæmt ISO-staðli (1,5 stig).
- c) Að minnsta kosti 50% af salernum (námundað að næstu heilu tölu) skulu hafa hlotið umhverfismerki ESB í samræmi við ákvörðun 2013/641/ESB eða annað merki af gerð I samkvæmt ISO-staðli (1,5 stig).

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram greinargóða lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt í gístiaðstöðunni fyrir ferðamenn ásamt viðeigandi fylgigögnum. Vatnssalerni og þvagskálar með umhverfismerki ESB eða vörur sem bera önnur merki af gerð I samkvæmt ISO-staðli sem uppfylla framangreindar kröfur teljast uppfylla viðmiðanir. Ef vatnssalerni og þvagskálar með umhverfismerki ESB eru notuð skal umsækjandi leggja fram afrit af vottorðinu fyrir umhverfismerki ESB eða afrit af merkinu á umbúðunum sem sýnir að það hafi verið veitt í samræmi við ákvörðun 2013/641/ESB. Ef vörur sem bera önnur merki af gerð I samkvæmt ISO-staðli eru notaðar skal umsækjandinn leggja fram afrit af vottorði um merki af gerð I eða afrit af merkinu á umbúðunum.

Viðmiðun 44. Vatnsnotkun uppþvottavélar (2,5 stig)

Vatnsnotkun uppþvottavélarinnar skal vera minni eða jöfn viðmiðunarmörkunum sem mælt er fyrir um í eftirfarandi töflu, mældum samkvæmt staðli EN 50242 með notkun staðlaðrar hreinsunarlotu:

Undirflokkur vöru	Vatnsnotkun (Wt) (lítrar/lota)
Uppþvottavélar til heimilisnota með borðbúnað fyrir 15	10
Uppþvottavélar til heimilisnota með borðbúnað fyrir 14	10
Uppþvottavélar til heimilisnota með borðbúnað fyrir 13	10
Uppþvottavélar til heimilisnota með borðbúnað fyrir 12	9
Uppþvottavélar til heimilisnota með borðbúnað fyrir 9	9
Uppþvottavélar til heimilisnota með borðbúnað fyrir 6	7
Uppþvottavélar til heimilisnota með borðbúnað fyrir 4	9,5

Athugasemd: Þessi viðmiðun gildir eingöngu um uppþvottavélar til heimilisnota sem falla undir reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1016/2010 ⁽¹⁾.

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram tækniforskrift frá framleiðandanum eða faglærðum tæknimönnum sem bera ábyrgð á uppsetningu, sölu eða viðhaldi uppþvottavéla. Ef einungis eru lagðar fram upplýsingar um árlega notkun skal gera ráð fyrir að heildarfjöldi staðlaðra hreinsunarlota á ári sé 280.

Viðmiðun 45. Vatnsnotkun þvottavélar (3 stig)

Þvottavélar sem gestir og starfsfólk nota í gístiaðstöðunni fyrir ferðamenn eða þær sem veitandi þvottaþjónustu fyrir gístiaðstöðuna fyrir ferðamenn notar skulu uppfylla a.m.k. eina af eftirfarandi kröfum:

- a) að því er varðar þvottavélar til heimilisnota skal vatnsnotkun þeirra vera minni eða jöfn viðmiðunarmörkunum eins og skilgreint er í eftirfarandi töflu, mæld samkvæmt staðli EN 60456 með notkun staðlaðrar þvottalotu (60 °C baðmullar-þvottakerfi):

Undirflokkur vöru	Vatnsnotkun: (lítrar/lota)
Þvottavélar til heimilisnota með 3 kg nafnafköst:	39
Þvottavélar til heimilisnota með 3,5 kg nafnafköst:	39

⁽¹⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1016/2010 frá 10. nóvember 2010 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi vishönnun uppþvottavéla til heimilisnota (Stjtfð. ESB L 293, 11.11.2010, bls. 31).

Undirflokkur vöru	Vatnsnotkun: (lítrar/lota)
Þvottavélar til heimilisnota með 4,5 kg nafnaköst:	40
Þvottavélar til heimilisnota með 5 kg nafnaköst:	39
Þvottavélar til heimilisnota með 6 kg nafnaköst:	37
Þvottavélar til heimilisnota með 7 kg nafnaköst:	43
Þvottavélar til heimilisnota með 8 kg nafnaköst:	56

- b) að því er varðar þvottavélar sem eru notaðar í viðskipta- eða atvinnuskyni er meðalvatnsnotkun við þvotta ≤ 7 l á hvert kg af þvegnum þvotti.

Athugasemd: a-liður gildir eingöngu um þvottavélar til heimilisnota sem falla undir reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1015/2010 ⁽¹⁾.

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram tækniforskrift frá framleiðandanum eða faglærðum tæknimönnum sem bera ábyrgð á uppsetningu, sölu eða viðhaldi þvottavélanna. Í því skyni að sýna að farið sé að a-lið skal gera ráð fyrir að heildarfjöldi staðlaðra hreinsunarlota á ári sé 220 ef einungis eru lagðar fram upplýsingar um árlega notkun.

Viðmiðun 46. Upplýsingar um vatnshörku (allt að 1,5 stig)

Umsækjandinn skal uppfylla a.m.k. eina af eftirtöldum kröfum:

- upplýsingar um hörku vatnsins á staðnum skulu vera nálægt hreinlætisaðstöðu/þvottavélum/upphvottavélum til að gestir og starfsfólk geti nýtt þvotta- og hreinsiefni betur (0,5 stig),
- nota skal sjálfvirkt skömmunarkerfi sem nýtir þvotta- og hreinsiefni sem allra best í samræmi við hörku vatnsins fyrir þvottavélar/upphvottavélar sem gestir og starfsfólk nota í gístiaðstöðunni fyrir ferðamenn (1,5 stig).

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt viðeigandi gögnum um það hvernig þessu er komið á framfæri við gestinn eða viðeigandi upplýsingar um sjálfvirka skömmunarkerfið sem er notað.

Viðmiðun 47. Bestun í stjórnun sundlauga (allt að 2,5 stig)

- Breiða skal yfir upphitaðar sundlaugar og nuddpotta utanhúss að næturlagi. Breiða skal yfir óupphitaðar sundlaugar sem eru fullar af vatni og nuddpotta utanhúss ef þau standa ónotuð lengur en einn dag til að draga úr uppgufun (1 stig).
- Sundlaugar og nuddpottar utanhúss skulu búin sjálfvirku kerfi sem lágmarkar notkun klórs með bestaðri skömmun eða notkun viðbótaraðferða við sóthreinsun, t.d. ósongjörva og meðhöndlun með útfjólubláu ljósi (0,5 stig) eða vera af náttúrulegri gerð sem felur í sér siun sem byggist á plöntum til að hreinsa vatnið samkvæmt áskildum hreinlætisstaðli (1,5 stig).

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram greinargóða lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt í gístiaðstöðunni fyrir ferðamenn ásamt viðeigandi fylgigögnum (t.d. ljósmyndir sem sýna yfirbreiðslur, sjálfvirk skömmunarkerfi eða tegund sundlaugar, skjalfestar verklagsreglur um notkun sjálfvirka skömmunarkerfisins).

⁽¹⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1015/2010 frá 10. nóvember 2010 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi vishönnun þvottavéla til heimilisnota (Stjtið. ESB L 293, 11.11.2010, bls. 21).

Viðmiðun 48. Endurvinnsla regnvatns og endurvinnsla á grávatni (allt að 3 stig)

Í gístiaðstöðunni skal nota eftirfarandi kosti sem vatnslindir til annarra nota en í heimilishaldi eða sem drykkjarvatn:

- i. endurnýtt vatn eða grávatn frá þvotti og/eða sturtum og/eða baðherbergisvöskum (1 stig),
- ii. regnvatn af þaki (1 stig),
- iii. þétu frá hita-, loftræsti- og loftjöfnunarkerfum (1 stig).

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram greinargóða lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt í gístiaðstöðunni fyrir ferðamenn ásamt ljósmyndum sem sýna annars konar vatnsveitukerfi og viðeigandi fullvissu fyrir því að grávatni og drykkjarvatni sé haldið algerlega aðskildu.

Viðmiðun 49. Skilvirk áveita (1,5 stig)

Umsækjandinn skal uppfylla a.m.k. eina af eftirtöldum kröfum:

- a) gístiaðstaðan fyrir ferðamenn skal hafa skjalfestar verklagsreglur um vökvun útisvæða/plantna, þ.m.t. upplýsingar um hvernig vökvunartími hefur verið bestaður og vatnsnotkun lágmarkuð. Þetta getur t.d. falið í sér að útisvæði séu ekki vökvuð. (1,5 stig),
- b) gístiaðstaðan fyrir ferðamenn skal nota sjálfvirk kerfi sem finnur bestu vökvunartíma fyrir útisvæði/plöntur og nýtir vatnið eins vel og unnt er. (1,5 stig).

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram greinargóða lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt í gístiaðstöðunni fyrir ferðamenn ásamt viðeigandi fylgigögnum, þ.m.t. upplýsingar um skjalfesta kerfið/verklagsreglurnar fyrir vökvun eða ljósmyndir sem sýna sjálfvirku vökvunarkerfin.

Viðmiðun 50. Innlendar tegundir eða framandi tegundir sem eru ekki ágengar til plöntunar utandyra (allt að 2 stig)

Meðan á gildistíma umhverfismerkis ESB stendur skal gróður á útisvæðum, þ.m.t. allur vatnagróður, samanstanda af innlendum tegundum og/eða framandi tegundum sem eru ekki ágengar:

- i. ágengar, framandi tegundir sem þykja áhyggjuefni í Sambandinu eru ekki fyrir hendi (0,5 stig) (aðrar ágengar, framandi tegundir geta verið fyrir hendi),
- ii. einungis framandi tegundir sem eru ekki ágengar (1 stig),
- iii. innlendar tegundir og/eða framandi tegundir sem eru ekki ágengar (1,5 stig),
- iv. einungis innlendar tegundir (2 stig).

Að því er varðar þetta umhverfismerki ESB er innlend tegund plöntutegund sem fyrir er frá náttúrunnar hendi í viðkomandi landi.

Að því er varðar þetta umhverfismerki ESB eru tegundir sem eru ekki ágengar plöntutegundir sem eru ekki fyrir frá náttúrunnar hendi í viðkomandi landi og engar vísbendingar eru um að þær geti fjölgað sér, náð bólfestu og dreift sér auðveldlega eða að þær geti haft neikvæð áhrif á innlenda líffræðilega fjölbreytni.

Við plöntun utandyra skal undanskilja ágengar, framandi tegundir sem valda áhyggjum í Sambandinu í skilningi 3. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1143/2014 ⁽¹⁾.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1143/2014 frá 22. október 2014 um að fyrirbyggja og stjórna aðflutningi og útbreiðslu ágengra, framandi tegunda (Stjtið. ESB L 317, 4.11.2014, bls. 35).

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram viðeigandi lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt í gístiaðstöðunni fyrir ferðamenn ásamt viðeigandi fylgigögnum frá sérfræðingi.

ÚRGANGUR OG SKÓLP

Viðmiðun 51. Pappírsvörur (allt að 2 stig)

90% af eftirfarandi flokkum pappírsvara sem eru notaðar skulu hafa hlotið umhverfismerki ESB eða annað merki af gerð I samkvæmt ISO-staðli (0,5 stig fyrir hvern eftirfarandi flokk, að hámarki 2 stig):

- a) salernispappír,
- b) hreinlætispappír,
- c) skrifstofupappír,
- d) prentaður pappír,
- e) umbreyttur pappír (t.d. umslög).

Mat og sannprófun

Umsækjandi skal leggja fram gögn (m.a. viðeigandi reikninga) sem sýna hve mikið er notað af þessum vörum og hve mikið af þeim eru vörur sem hafa hlotið umhverfismerkið. Ef vörur með umhverfismerki ESB eru notaðar skal umsækjandinn leggja fram afrit af vottorðinu fyrir umhverfismerki ESB eða afrit af merkinu á umbúðunum sem sýnir að það hafi verið veitt í samræmi við, eftir því sem við á, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/256/ESB ⁽¹⁾ eða ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/481/ESB ⁽²⁾ eða ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/333/ESB ⁽³⁾ eða ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/568/EB ⁽⁴⁾. Ef vörur sem bera önnur merki af gerð I samkvæmt ISO-staðli eru notaðar skal umsækjandinn leggja fram afrit af vottorði um merki af gerð I eða afrit af merkinu á umbúðunum.

Viðmiðun 52. Varanlegar neysluvörur (allt að 4 stig)

Að minnsta kosti 40% (námunðað að næstu heilu tölu) af a.m.k. einum af eftirfarandi flokkum varanlegra neysluvara í gístiaðstöðunni fyrir ferðamenn skulu hafa hlotið umhverfismerki ESB eða annað merki af gerð I samkvæmt ISO-staðli (1 stig fyrir hvern flokk, að hámarki 4 stig):

- a) sængurlín, handklæði og borðdúkar,
- b) tölvur,
- c) sjónvörp,
- d) rúmdýnur,
- e) viðarhúsgögn,

(1) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/256/ESB frá 2. maí 2014 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir umbreyttar pappírsafurðir (Stjtið. ESB L 135, 8.5.2014, bls. 24).

(2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/481/ESB frá 16. ágúst 2012 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir prentefni (Stjtið. ESB L 223, 21.8.2012, bls. 55).

(3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/333/ESB frá 7. júní 2011 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir afritunarpappír og grafískan pappír (Stjtið. ESB L 149, 8.6.2011, bls. 12).

(4) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/568/EB frá 9. júlí 2009 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir hreinlætispappír (Stjtið. ESB L 197, 29.7.2009, bls. 87).

- f) ryksugur,
- g) gólfefni,
- h) búnaður til myndgerðar.

Mat og sannprófun

Umsækjandi skal leggja fram gögn sem sýna magn eignar af þessum vörum og hve mikill hluti þeirra hefur hlotið umhverfismerki. Ef vörur með umhverfismerki ESB eru notaðar skal umsækjandinn leggja fram afrit af vottorðinu fyrir umhverfismerki ESB eða afrit af merkinu á umbúðunum sem sýnir að það hafi verið veitt í samræmi við, eftir því sem við á, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/350/ESB ⁽¹⁾ eða ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/300/EB ⁽²⁾ eða ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/391/ESB ⁽³⁾ eða ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/18/EB ⁽⁴⁾ eða ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1332 ⁽⁵⁾ eða ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/607/EB ⁽⁶⁾. Ef vörur sem bera önnur merki af gerð I samkvæmt ISO-staðli eru notaðar skal umsækjandinn leggja fram afrit af vottorði um merki af gerð I eða afrit af merkinu á umbúðunum.

Viðmiðun 53. Framboð drykkjarvara (2 stig)

Ef boðið er upp á drykkjarvörur (t.d. bar/veitingaþjónusta, verslanir og sjálfsalar) á vegum gistiaðstöðunnar fyrir ferðamenn eða undir beinni stjórn hennar skulu a.m.k. 50% (1 stig) eða 70% (2 stig) af drykkjavöruframboðinu vera í skilalátum/margnota ílátum.

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram greinargóða lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt í gistiaðstöðunni fyrir ferðamenn ásamt viðeigandi fylgigögnum ef við á.

Viðmiðun 54. Innkaup á þvotta- og hreinsiefnum og snyrtivörum (allt að 2 stig)

Að minnsta kosti 80% af keyptu magni eða þyngd a.m.k. eins eftirfarandi flokka þvotta- og hreinsiefnis og snyrtivara sem eru notuð í gistiaðstöðunni fyrir ferðamenn skulu hafa hlotið umhverfismerki ESB eða annað merki af gerð I samkvæmt ISO-staðli (0,5 stig fyrir hvern flokk, að hámarki 2 stig):

- a) handupphvottaefni,
- b) þvottaefni fyrir uppþvottavélar,
- c) þvottaefni,
- d) alhliða hreinsiefni,
- e) þvotta- og hreinsiefni fyrir hreinlætisaðstöðu,
- f) sápur og hárpvottalegir,
- g) hárnæring.

(1) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/350/ESB frá 5. júní 2014 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir textílvarur (Stjtið. ESB L 174, 13.6.2014, bls. 45).

(2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/300/EB frá 12. mars 2009 um endurskoðaðar vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir sjónvörp (Stjtið. ESB L 82, 28.3.2009, bls. 3).

(3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/391/ESB frá 23. júní 2014 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir rúmdýnur (Stjtið. ESB L 184, 25.6.2014, bls. 18).

(4) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/18/EB frá 26. nóvember 2009 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir gólfklæðningar úr viði (Stjtið. ESB L 8, 13.1.2010, bls. 32).

(5) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1332 frá 28. júlí 2016 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir húsgögn (Stjtið. ESB L 210, 4.8.2016, bls. 100).

(6) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/607/EB frá 9. júlí 2009 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis Bandalagsins fyrir harðar klæðningar (Stjtið. ESB L 208, 12.8.2009, bls. 21).

Mat og sannprófun

Umsækjandi skal leggja fram gögn sem sýna magn eignar af þessum vörum og hve mikill hluti þeirra hefur hlotið umhverfismerki. Ef vörur með umhverfismerki ESB eru notaðar skal umsækjandinn leggja fram afrit af vottorðinu fyrir umhverfismerki ESB eða afrit af merkinu á umbúðunum sem sýnir að það hafi verið veitt í samræmi við, eftir því sem við á, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/382/ESB ⁽¹⁾ eða ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/263/ESB ⁽²⁾ eða ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/264/ESB ⁽³⁾ eða ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/383/ESB ⁽⁴⁾ eða ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/893/ESB ⁽⁵⁾. Ef vörur sem bera önnur merki af gerð I samkvæmt ISO-staðli eru notaðar skal umsækjandinn leggja fram afrit af vottorði um merki af gerð I eða afrit af merkinu á umbúðunum.

Viðmiðun 55. Notkun hreingerningavara haldið í lágmarki (1,5 stig)

Gistiaðstaðan fyrir ferðamenn skal hafa nákvæmar verklagsreglur um skilvirka notkun hreingerningavara, s.s. notkun örtrefjavara eða annarra hreingerningarefna sem skila svipuðum árangri og hreingerning með vatni eða aðrar hreingerningaraðferðir sem skila svipuðum árangri. Til að uppfylla þessa viðmiðun þarf öll hreingerning að fylgja aðferð sem byggist á skilvirkri notkun hreingerningavara nema ef annars er krafist samkvæmt lögum eða starfsvenjum um hollustuhætti, eða heilbrigði og öryggi.

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram greinargóða lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt í gistiaðstöðunni fyrir ferðamenn ásamt viðeigandi fylgigögnum ef við á (t.d. afrit af verklagsreglum, tæknilegar upplýsingar um þær vörur sem eru notaðar).

Viðmiðun 56. Hálkueyðing (1 stig)

Sé nauðsynlegt að eyða háлку af vegum og gistiaðstaðan sér um það skal gera það með vélrænum hætti eða nota sand/möl eða hálkueyða sem hafa hlotið merki af gerð I samkvæmt ISO-staðli til að öruggt sé að ferðast um vegi í gistiaðstöðunni fyrir ferðamenn þrátt fyrir ís eða snjó.

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram greinargóða lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt í gistiaðstöðunni fyrir ferðamenn ásamt viðeigandi fylgigögnum. Ef hálkueyðar hafa hlotið merki af gerð I samkvæmt ISO-staðli skal umsækjandinn leggja fram afrit af vottorðinu um merkið á vörunni eða afrit af merkinu á umbúðunum.

Viðmiðun 57. Notaðar textílvarur og húsgögn (allt að 2 stig)

Gistiaðstaðan fyrir ferðamenn skal hafa til staðar ferli sem nær yfir:

- a) allar gjafir húsgagna og textílvara sem eru ekki lengur notuð innan gistiaðstöðunnar fyrir ferðamenn en eru enn nothæf. Endanlegir notendur geta verið starfsfólk og góðgerðastofnanir eða önnur samtök sem safna saman og endurúthluta vörum (1 stig),
- b) öll innkaup á endurnýttum/notuðum húsgögnum. Meðal birgja skulu vera markaðir með notaðar vörur eða önnur samtök/samvinnuhópar sem selja notaðar vörur eða endurúthluta þeim (1 stig).

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram greinargóða lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt í gistiaðstöðunni fyrir ferðamenn ásamt viðeigandi fylgigögnum, t.d. skriflegri málsmeðferð með samskiptaupplýsingum endanlegs notenda, kvittunum og skráum yfir vörur sem voru notaðar áður eða gefnar o.s.frv.

(1) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/382/ESB frá 24. júní 2011 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir handuppþvottaefni (Stjtið. ESB L 169, 29.6.2011, bls. 40).

(2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/263/ESB frá 28. apríl 2011 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir þvottaefni fyrir uppþvottavélur (Stjtið. ESB L 111, 30.4.2011, bls. 22).

(3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/264/ESB frá 28. apríl 2011 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir þvottaefni (Stjtið. ESB L 111, 30.4.2011, bls. 34).

(4) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/383/ESB frá 28. júní 2011 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir alhliða hreinsiefni og hreinsiefni fyrir hreinlætisaðstöðu (Stjtið. ESB L 169, 29.6.2011, bls. 52).

(5) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/893/ESB frá 9. desember 2014 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir snyrtivörur sem á að skola burt eftir notkun (Stjtið. ESB L 354, 11.12.2014, bls. 47).

Viðmiðun 58. Moltugerð (allt að 2 stig)

Gistiaðstaðan fyrir ferðamenn skal aðskilja a.m.k. einn af eftirfarandi viðeigandi flokkum úrgangs og tryggja að úrgangur sé notaður til moltugerðar eða til framleiðslu lífgass samkvæmt leiðbeiningum staðaryfirvalda (t.d. undir umsjón staðaryfirvalda, gistiaðstöðunnar sjálfrar eða einkafyrirtækis) (1 stig fyrir hvern flokk, að hámarki 2 stig):

- a) garðaúrgangur,
- b) matarúrgangur frá matsölunni,
- c) lífbrjótanlegar vörur (t.d. einnota vörur sem eru að mestu gerðar úr maís),
- d) lífbrjótanlegur úrgangur sem fellur til hjá gestum í herbergjum/gistiaðstöðu þeirra.

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram greinargóða lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt í gistiaðstöðunni fyrir ferðamenn ásamt viðeigandi fylgigögnum ef við á.

Viðmiðun 59. Hreinsun skólps (allt að 3 stig)

- a) Ef boðið er upp á þvottaaðstöðu fyrir bifreiðar innan gistiaðstöðunnar fyrir ferðamenn skal þvottur á bifreiðum einungis leyfður á svæðum sem eru sérútbúin til að taka við vatninu og þvotta- og hreinsiefnunum sem notuð eru og beina hvoru tveggja í fráveitukerfið (1 stig).
- b) Ef það er ekki mögulegt að senda skólp í miðlæga hreinsun skal hreinsun skólps á staðnum fela í sér formeðhöndlun (sigti/teinagrind, útjöfnun og botnfellingu) sem fylgt er eftir með lífrænni hreinsun sem fjarlægir > 95% lífrænnar súrefnisþarfar (BOD), með > 90% nítun og loftfirrðri meltun (utan svæðis) á umframseyru (2 stig).

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt viðeigandi fylgigögnum (t.d. ljósmyndum í tengslum við kröfuna í a-lið og tækniforskriftir frá framleiðandanum eða faglærðum tæknimönnum sem bera ábyrgð á uppsetningu, sölu eða viðhaldi á skólpkerfinu fyrir kröfuna í b-lið).

AÐRAR VIÐMIÐANIR**Viðmiðun 60. Reykingar bannaðar í herbergjum (1 stig)**

Reykingar bannaðar í gistiherbergjum eða leigðum gistirýmum.

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt skjalfestum gögnum á borð við myndir af skiltunum sem komið er fyrir á herbergjunum eða í leigðum gistirýmum.

Viðmiðun 61. Félagsmálastefna (allt að 2 stig)

Gistiaðstaðan fyrir ferðamenn skal hafa skriflega félagsmálastefnu til að tryggja a.m.k. eftirfarandi félagsleg kjör fyrir starfsfólkið (0,5 stig fyrir hver, að hámarki 2 stig):

- a) frí frá vinnu vegna náms,
- b) ókeypis máltíðir eða matarmiðar,
- c) ókeypis einkennisbúningar og vinnufatnaður,
- d) afsláttur af vörum/þjónustu í gistiaðstöðunni fyrir ferðamenn,
- e) niðurgreitt kerfi sjálfbærna flutninga,
- f) trygging til að fá húsnæðislán.

Uppfæra skal skriflegu félagsmálastefnuna og upplýsa starfsfólk um hana árlega. Starfsfólk skal skrifa undir skriflegu stefnuna á upplýsingafundinum. Skjalið skal vera aðgengilegt í móttökunni fyrir allt starfsfólk.

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram afrit af skriflegu félagsmálastefnunni, sem starfsfólk hefur skrifað undir á tilhlýðilegan hátt, ásamt eigin yfirlýsingu með útskýringu á því hvernig fyrrgreindar kröfur eru uppfylltar. Að auki getur þar til bæri aðilinn óskað eftir skriflegum sönnunargögnum og/eða farið fram á bein viðtöl við starfsfólk af handahófi í vettvangsheimsókninni.

Viðmiðun 62. Ökutæki til viðhalds (1 stig)

Ekki skal nota vélknúin ökutæki með brunahreyflum til viðhalds á gístiaðstöðunni fyrir ferðamenn (1 stig).

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt í gístiaðstöðunni fyrir ferðamenn ásamt viðeigandi fylgigögnum.

Viðmiðun 63. Boðið upp á flutningatæki sem eru ákjósanleg með tilliti til umhverfisins (allt að 2,5 stig)

- a) Gístiaðstaðan fyrir ferðamenn skal bjóða gestum a.m.k. eitt af eftirfarandi flutningatækjum sem eru ákjósanleg með tilliti til umhverfisins (1 stig hvert, að hámarki 2 stig):
 - i. rafknúin ökutæki fyrir skutlþjónustu fyrir gesti eða þeim til afþreyingar,
 - ii. rafmagnstengil (hleðslustöðvar) fyrir rafknúin ökutæki,
 - iii. að minnsta kosti eitt reiðhjól fyrir hver 5 stæði eða leigt gístirými eða herbergi.
- b) Gístiaðstaðan fyrir ferðamenn skal hafa virkt samstarf við fyrirtæki sem útvega rafknúin ökutæki eða reiðhjól (0,5 stig). „Virkt samstarf“ felur í sér samkomulag milli gístiaðstöðu fyrir ferðamenn og fyrirtækis sem leigir út rafknúin ökutæki eða reiðhjól. Upplýsingar um virka samstarfið skulu vera sýnilegar á staðnum. Ef útleigufyrirtækið er ekki staðsett á sama stað og gístiaðstaðan fyrir ferðamenn þarf að gera tilteknar hagnýtar ráðstafanir (t.d. getur fyrirtæki sem leigir út reiðhjól afhent hjólin í gístiaðstöðunni).

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt í gístiaðstöðunni fyrir ferðamenn ásamt viðeigandi fylgigögnum og öllum upplýsingum sem veita skal gestum.

Viðmiðun 64. Yfirborð án bundins slitlags (1 stig)

Að minnsta kosti 90% yfirborðs útisvæðisins undir stjórn gístiaðstöðunnar fyrir ferðamenn er ekki þakið asfalti/steypu eða öðrum bindiefnum sem hindra nægilegt gegnumhrip og loftun jarðvegsins.

Þar sem regnvatni og grávatni er safnað skal meðhöndla ónotaða regnvatnið og grávatnið og dreifa því á landinu.

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt í gístiaðstöðunni fyrir ferðamenn ásamt viðeigandi fylgigögnum.

Viðmiðun 65. Vörur úr heimahéraði og lífrænar vörur (allt að 4 stig)

- a) Þjófða skal upp á a.m.k. tvær matvæategundir úr heimahéraði sem tilheyra árstíðinni (á við um ferska ávexti og grænmeti) í hverri máltíð, þ.m.t. morgunverður 1 stig).
- b) Gistiaðstaðan fyrir ferðamenn velur á virkan hátt vöru- og þjónustubirgja í heimahéraði (1 stig).
- c) Að minnsta kosti tvær vörur (1 stig) eða fjórar vörur (2 stig) sem eru notaðar við daglega tilreiðslu máltíða eða sem veitandi gistiaðstöðunnar selur skulu hafa verið framleiddar með lífrænum búskaparháttum eins og mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 ⁽¹⁾.

Að því er varðar þessa viðmiðun telst „í heimahéraði“ vera innan 160 kílómetra radiuss frá gistiaðstöðunni fyrir ferðamenn.

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt viðeigandi fylgigögnum. Ef lífrænar vörur eru notaðar skal umsækjandi leggja fram afrit af vöruvottorðinu eða afrit af merkinu á umbúðunum sem sýnir að það hafi verið veitt í samræmi við reglugerð (EB) nr. 834/2007. Í sumum löndum geta veitingastaðir og hótél hlotið vottun samkvæmt ákveðnum merkingarkerfum ef þau nota einungis lífrænar vörur. Ef gistiaðstaðan fyrir ferðamenn hlýtur vottun samkvæmt slíkum kerfum má leggja þær upplýsingar fram sem sönnun um að þessi viðmiðun sé uppfyllt.

Viðmiðun 66. Sneitt hjá plágueyðum (2 stig)

Ekki skal nota plágueyði á útisvæði undir stjórn gistiaðstöðunnar fyrir ferðamenn.

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram greinargóða lýsingu á því hvernig gistiaðstaðan fyrir ferðamenn verst skaðvöldum og sér um útisvæðin. Ganga skal úr skugga um þetta í vettvangsheimsókninni.

Viðmiðun 67. Frekari umhverfis- eða félagslegar aðgerðir (allt að 3 stig)

Stjórnendur gistiaðstöðunnar fyrir ferðamenn skulu grípa til aðgerða til að auka árangur hennar í umhverfismálum eða á félagslegum sviðum, til viðbótar þeim aðgerðum sem kveðið er á um í viðmiðunum þessa þáttar eða A-þáttar:

- a) viðbótaraðgerðir í umhverfismálum (allt að 0,5 stig fyrir hverja aðgerð, að hámarki 2 stig)
og/eða
- b) viðbótaraðgerðir í félagsmálum (allt að 0,5 stig fyrir hverja aðgerð, að hámarki 1 stig).

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt fullnaðarlýsingu (þ.m.t. skjalfestan umhverfislegan eða félagslegan ávinning í tengslum við aðgerðirnar) á hverri viðbótaraðgerð sem umsækjandi óskar eftir að tillit verði tekið til.

⁽¹⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 (Stjtið. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1).